

Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Grunnskólabraut

2002

Fjölmening í grunnskólum

Rannsókn á forsendum fjölmeningarkennslu á Íslandi

Gunnlaugur Magnússon

Leiðsögukenari: Ingólfur Á. Jóhannesson

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Gunnlaugur Magnússon

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófa í kennaradeild.

Ingólfur Á. Jóhannesson

Útdráttur

Eftirfarandi verkefni er unnið sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri á vormisseri 2002. Tilgangurinn er að rannsaka forsendur fjölmeningarkennslu í íslenskum grunnskólum og kanna hvort þær séu til staðar. Um er að ræða hugmyndafræðilegar forsendur, lagalegar forsendur, forsendur samtímans (hvað er gert í grunnskólum í dag) og að lokum viðhorf og reynsla kennara.

Í verkefninu er byrjað á að skilgreina helstu hugtök sem koma fyrir í ritgerðinni og/eða í umræðu um fjölmeningu og fjölmeningarkennslu. Því næst er hugmyndafræði fjölmeningarkennslu tekin fyrir, markmið hennar, kostir og gallar.

Kannað er hvort fjölmeningarkennsla eigi sér lagalegar forsendur hérlendis með því að skoða stjórnarskrá íslenska Lýðveldisins, aðalnámskrá grunnskóla og helstu sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland á aðild að.

Skoðað verður hvað sé gert í málefnum nýbúa og tvítyngdra barna í grunnskólum hérlendis og borið saman við stefnu fjölmeningarkennslu. Einnig verður kannað hvernig grunnskólakennaranemar eru undirbúnir til að takast á við fjölmeningu í grunnskólum.

Að lokum verður fjallað um könnun sem gerð var í tveimur bæjarfélögum á viðhorfum og reynslu kennara gagnvart fjölmeningu og fjölmeningarkennslu.

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að allar forsendur séu til staðar fyrir fjölmeningarkennslu í grunnskólum á Íslandi. Hugmyndafræðin liggur fyrir, lagalegar forsendur eru til staðar, þegar er kominn vísir að fjölmeningarkennslu í grunnskólum og í kennaramenntun. Könnunin sýnir að almennt telji kennarar fjölmeningu æskilega, að skólarnir beri ábyrgð á fjölmeningu framtíðarinnar, námsefni komi ekki nægilega vel til móts við fjölmeningu og að þeir þyrftu betri undirbúning fyrir í starfsmenntun sinni.

Mikilvægt er að yfirvöld setji fjölmeningarstefnu fyrir landið allt, að þær stofnanir sem sinna kennaramenntun fjalli ýtarlegar um fjölmeningu og að fjölmeningarkennsla verði fastur hluti af skólastarfi landsins með jafnréttisstefnu og útrýmingu fordóma að leiðarljósi.

Abstract

The following assignment is a final thesis for a B.Ed. degree at the University of Akureyri, in the spring of 2002. The main purpose is to define the grounds for multicultural education in the Icelandic primary schools and whether these grounds exist. The thesis deals with ideological grounds, legal grounds, the present situation and sentiments found amongst teachers.

The assignment begins by defining the concepts of the thesis deals with and/or are used in debates on multicultural education. The ideology, goals, pros and cons of multicultural education are then discussed. The legal grounds of multicultural education are researched by looking at the Icelandic constitution, national curriculum and main covenants of the United Nations. The educational status of immigrant and bilingual pupils is researched as well as the education of teachers in Iceland. Finally results are covered from a survey demonstrated in two municipalities.

The main results from this thesis are that all basic grounds for multicultural education are at hand in Iceland. The survey showed that most teachers believe that multicultural education is desirable, that the schools carry a special responsibility toward the society of the future and that they need more preparation during their teacher training.

It is therefore important for the authorities to set a multicultural policy for all of the country, that the institutions responsible for teacher training focus clearly on multicultural education and that multicultural education will be a part of the national curriculum.

Þakkarorð

Ég vil þakka Ingólfi Á. Jóhannessyni fyrir leiðsögnina og foreldrum mínum og konu fyrir yfirlestur, aðstoð og hvatningu. Að auki vil ég þakka þeim kennurum sem tóku þátt í könnuninni og því fólki sem veitti mér aðstoð og upplýsingar meðan á vinnu ritgerðarinnar stóð.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1 Skilgreiningar hugtaka	3
2. Fjölmennigarkennsla	9
2.1 Hugmyndafræði og markmið	11
2.2 Kostir og gallar	13
3. Lagalegar forsendur	15
3.1 Mannréttindayfirlýsingin	15
3.2 Barnasáttmálinn	16
3.3 Stjórnarskrá Íslands	17
3.4 Aðalnámskráin	18
4. Aðstæður og aðlögun tvítyngdra barna og ungra nýbúa	21
4.1 Grunnskólarnir	22
4.2 Undirbúningur íslenskra kennararnema	24
5. Viðhorf kennara	26
5.1 Niðurstöður úr könnun á viðhorfum kennara	28
6. Samantekt á niðurstöðum og umræða	38
7. Lokaorð	41
Heimildaskrá	42

1. Inngangur

Þrátt fyrir að flest okkar telji sig hlynnt jafnrétti og fordómalaus má sjá fordóma og ójafnrétti hvarvetna í samfélaginu. Pólitískar ráðningar tíðkast enn þann dag í dag. Jafnréttisfulltrúi Akureyrarbæjar varð að fara fyrir dómstóla til að samræma laun sín við laun karlmanns í samskonar stöðu. Fjölmíðlar tiltaka sérstaklega erlendan uppruna afbrotamanna og nýleg dæmi eru um mismunun vegna kynhneigðar. Sífellt er verið að finna nýja fleti á jafnréttismálum og er það að mínu mati af hinu góða.

Kveikjur að þessu ritgerðarefni hafa verið að hrannast upp hjá mér undanfarin ár. Fyrst má telja furðusvip fólks þegar ég gekk um með sítt hár, í mokkakápu af ömmu, rifnum gallabuxum og hermannastígvélum, með drynjandi dauðarokk í eyrunum og útkrotaða myndavélatösku undir skóladótið. Fólk ályktaði á röngum forsendum hvernig maður ég væri. Á fyrsta ári í kennaranámi rakst ég á blaðgrein um muninn á fjölmeningarsamfélagi (multicultural) og samfélagi sem byggist á mörgum þjóðarbrotum (multiethnic). Þessi grein víkkaði skilning minn á jafnrétti og mikilvægi þess. Í framhaldi af því skrifaði ég, í félagi við Jónas B. Magnússon, tillögu að námsefni sem átti að taka á fordómum gagnvart lífsstíl einstaklinga.¹ Eftir hálfársdvöl í Svíþjóð þar sem ég kynnti mér skólakerfið og sat áfanga sem tók á einkennum þjóðernishyggju, eftirköstum nýlendutímans og alþjóðavæðingu sá ég fyrir mér að í ritgerðinni myndi ég takast á við frelsi einstaklinga, réttindi innflytjenda og menningu einstaklinga. Munur á menningu þarf ekki að liggja í heimalandinu eða bæjarfélaginu, þjóðerni eða hvernig manneskjan er á litinn. Munurinn liggur ekki síst inni á heimilunum. Barn sem elst upp á þriggja kynslóða heimili (gagnkynhneigðra) karla og kvenna býr ekki við sama veruleika og barn sem er einbærni hjá ungum foreldrum eða barn sem er alið upp af samkynhneigðu pari. Atriði eins og stærð, lífsstíll og samskiptahættir fjölskyldna koma öll til með að hafa áhrif á einstaklingana til frambúðar. Einstaklingsmenning er atriði sem allir þurfa að gera sér grein fyrir og ekki síst kennarar, sama á hvaða skólastigi þeir starfa.

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar átti alltaf að vera jafnrétti einstaklinganna og hið stóra hlutverk kennarans í sambandi við það. Hins vegar er það of viðamikilið verkefni fyrir ekki lengri ritgerð. Ég ákvað því eftir miklar bollaleggingar að einbeita mér að einum þætti innan þessa annars risavaxna geira. Fjölmeningarkennsla varð fyrir valinu enda

¹ Gunnlaugur Magnússon og Jónas B. Magnússon 2000.

skemmtilegt tæki til að snerta sem flesta fleti mannlífsins. Eitt af mikilvægustu verkefnum skólans er að búa nemendur undir samfélag framtíðarinnar. Við vitum að sjálfsögðu ekki hvernig það samfélag verður eða hvernig það á eftir að virka. Við getum hins vegar búið börnin undir framtíðina með það sem við teljum að komi til með að henta þeim best. Fjölbreytni samfélagsins hefur aukist mikið undanfarin ár og ef litið er til annarra landa eru fáar ástæður til að ætla að þessi þróun komi til með að minnka eða hætta. Það er ekki spurning um hvort við kærum okkur um fjölbreytta menningu eða ekki. Spurningin er hvernig við ætlum að gera fjölmeningarsamfélagið friðsælt.

Til að takast á við þetta mál á sem skýrastan hátt hef ég kastað fram tveimur spurningunum sem ég reyni að svara. „Hverjar eru forsendurnar fyrir fjölmeningarkennslu í grunnskólum Íslands?“ og „Eru þær til staðar?“. Á meðan vinnu ritgerðarinnar stóð einangraði ég ferns konar forsendur sem mér fannst skipta meginmáli og koma þær skýrast fram í kaflaheitum ritgerðarinnar. Um er að ræða hugmyndafræðilegar forsendur, lagalegar forsendur, forsendur samtímans (hvað er gert í þessum málum í grunnskólum í dag) og að lokum viðhorf og reynsla kennara.

Ég byrja ritgerðina á að skilgreina helstu hugtök sem koma fyrir í ritgerðinni og/eða í umræðu um fjölmeningu og fjölmeningarkennslu. Þegar kemur að forsendunum fjalla ég fyrst um hvað fjölmeningarkennsla er, hvaða hugmyndafræði liggur að baki henni, hvaða markmið hún á að fela í sér og hverjir eru kostir hennar og gallar. Á eftir umfjölluninni um fjölmeningarkennsluna kemur kafli sem fjallar um fjórar helstu lagalegu forsendurnar sem eru fyrir hendi til að gera fjölmeningarkennslu að virku ferli innan grunnskólanna. Þar með talið eru alþjóðasamningar eða sáttmálar Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að. Því næst fjalla ég um hvað er gert fyrir nýbúa og tvítýngd börn í grunnskólunum og hvort, sem og þá hvernig, íslenskir kennaranemar eru undirbúnir til að takast á við fjölmeningu grunnskólanna. Undir lok ritgerðarinnar fjalla ég um rannsókn sem ég gerði á viðhorfum og reynslu grunnskólakennara, í tveimur bæjarfélögum, gagnvart fjölmeningu og fjölmeningarkennslu og niðurstöður hennar. Að lokum dreg ég saman helstu niðurstöður kaflanna og fjalla um þær.

1.1 Skilgreiningar hugtaka

Hér á eftir verða skilgreind helstu hugtök sem notuð eru í umræðu um fjölmeningu. Rétt er að taka fram að þau koma ekki öll fram í ritgerðinni, skilgreiningar sumra þeirra eru settar upp til að skýra notkun annarra hugtaka.

Menning: Menning er ákaflega margþætt hugtak. Þó má finna tvönnan skilning á orðinu sem viðgengst almennt. Í fyrsta lagi er orðið menning iðulega tengt við listir, s.s. bókmenntir, tónlist, myndlist, leiklist o.fl. Oft eiga sér stað umræður um hvað skuli teljast hámenning (t.d. tónlist Schuberts og bækur Laxness) eða lágmening (t.d. popptónlist og bækur úr Rauðu Seríunni) eða hvort slík skipting eigi á annað borð að eiga sér stað.²

Hin merking orðsins, sú sem verður notast við í þessu riti, er öllu víðtækari. „Þroski mannlegra eiginleika mannsins, þjálfun mannsins, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf, sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum)“.³ Listir eru því vissulega hluti af menningu en menning felur einnig í sér tungumál, tjáskiptahætti, trúarbrögð, siði og hefðir. Í raun og veru má segja að í víðtækari merkingu orðsins menningar felist allt sem menn eiga sín á milli.

Menningarhópur: Menningarhópur er hópur fólks sem hefur tileinkað sér tiltekna menningu og með því ákveðin einkenni sem eru að einhverju leyti frábrugðin því sem aðrir hópar gera. Sem dæmi um einkenni má nefna málfar, siði og lífsgildi eða trú. Þessi menningarhópur getur t.d. verið allir Íslendingar en einnig má þrengja hópinn niður í t.d. Akureyringa, Pólverja á Akureyri eða jafnvel niður í einstakar fjölskyldur. Menningarkimar, s.s. pönkarar, adrenalín sportistar og fleiri, eru lagðir til jafns við menningarhópa í þessu riti þar eð þeir hafa sterk áhrif á sjálfsmynd og viðhorf einstaklinganna sem til þeirra teljast (sjá nánar í skilgreiningu á Ethnic identity).

Ethnic: Orðið vísar til einkenna fólks eða hóps sem deilir sameiginlegri og sérstakri menningu, trú, tungu og/eða fleiru en er í minnihluta í stærra samfélagi⁴. Sem dæmi má nefna hópa múslima á Norðurlöndunum. Orðið hefur verið þýtt þjóðlegur eða þjóðfræðilegur og jafnvel heiðinn á íslensku.⁵ Þetta stenst þó ekki alveg þar sem þegar talað er um Ethnic groups eða etniska hópa er ekki alltaf átt við þjóð í eiginlegum skilningi (sjá í næstu skilgreiningu). Varla þarf að taka fram að heiðni hefur ekkert með málið að gera. Etnískir hópar geta stundað öll möguleg trúarbrögð.

² Barrow og Woods 2001:153-172

³ Íslensk orðabók 1993:637

⁴ *Websters Encyclopedic Unabridged Dictionary...*1996:665

⁵ *Netorðabókin* 07.04.2002; Sigurður Örn Bogason 1994:218

Ethnic group/etnískir hópar: Eru hópar fólks sambærilegir við en ekki það sama og þjóðir. Þjóðir eru yfirleitt bundnar stað og tíma ásamt pólitískri skilgreiningu en þó má rekja rætur ýmissa þjóða til etnískra hópa.⁶ Hugtakið er í dag yfirleitt notað til að lýsa minnihlutahópi, sem ekki hefur fengið skilgreininguna þjóð, sem staðsettur er innan ríkis með aðrar menningarlegar áherslur.⁷ Þessi hópur getur hafa komið frá annarri þjóð með eigin ríki, t.d. Tyrkir í Þýskalandi og afganskir flóttamenn víða um heim, eða verið hópur sem hefur ekki átt annað ríki eða aðra eiginlega þjóð s.s. Bandaríkjamenn af afrískum uppruna. Í þeirra tilfalli er ljóst að uppruninn liggur í Afríku en einstaklingarnir hafa flestir aldrei tilheyrt öðru ríki en Bandaríkjunum.

Ethnic minority: Þetta hugtak hefur fengið merkinguna þjóðernisminnihluti á íslensku. Það er menningarhópur (eða etnískur hópur) sem er í minnihluta í ríki þar sem önnur menning telst vera menning meirihluta þjóðarinnar.⁸

Ethnic identity: Sjálfsmynd einstaklinga myndast af mörgum þáttum og það getur haft mikil áhrif á sjálfsmynd einstaklings hvaða menningarhópi hann tilheyrir.⁹ Ekki má vanmeta áhrif nýlegra menningarhópa á sjálfsmynd einstaklinga. Einna sterkast má sjá slík áhrif meðal unglunga sem oft mynda einskonar menningarkima (menningarhópa) um þann lífsstíl sem þeir kjósa sér.¹⁰ Sem dæmi má nefna pönkara, aðdáendur og fylgjendur ákveðinna þátta afrísk-bandarískrar menningar hafa fengið heitin rapparar/dissarar/skopparar meðal almennings. Ethnic identity hefur m.a. fengið merkinguna upprunavitund í íslensku máli. Það er gott og gilt en á varla við í þeim tilfellum sem voru talin hér á undan. Þetta er sálfélagsleg vitund sem er bundin við félagslegan hóp. Meðlimum hans finnst þeir tilheyra sérstökum hópi með sameiginlega skilgreiningu og uppruna og getur einkennst af hlutum eins og trú, viðhorfum, klæðaburði, hefðum, málfari og líkamlegum einkennum.¹¹ Fyrir vikið er ekki alltaf um uppruna, í þeim skilningi orðsins, að ræða. Þjóðernisvitund er líka tæp þýðing þar sem ekki er alltaf um þjóðir að ræða. Í þessu riti verður vísað beint í enska orðið (ethnic identity) þar sem hugtakinu er beitt auk mögulegrar íslenskrar þýðingar.

⁶ Kellas 1998:5

⁷ Kellas 1998:5

⁸ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:7

⁹ Sjögren 1998:26; Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:10

¹⁰ Bjurström 1998

¹¹ Bjurstömm 1998:119-120

Þjóðernishyggja/-kennd (nationalism): Er sterkt afl sem er hvort tveggja í senn hugmyndafræði og hegðun. Þjóðernishyggja á ætíð að verja og bæta hagsmuni þjóðarinnar sem um ræðir. Hún getur komið fram sem hörkuleg barátta fyrir frelsi, rétti eða völdum þjóðar eða bara sem fordómar og trú á staðalmyndir gagnvart útlendingum og öðrum þjóðum.¹² Þjóðernishyggja þarf ekki alltaf að vera neikvætt fyrirbæri og flestir gerast einhvern tíman sekir um að sýna þjóðerniskennd í verki, til dæmis á landsleik í knattspyrnu eða við sjónvarpið þegar vel gengur á Ólympíuleikum.¹³ Það verður því að gera greinarmun á þjóðernishyggju sem trú á yfirburði þjóðar eða menningar, og þjóðerniskennd sem hópkennd með menningarhóp sínum. Til dæmis er næsta öruggt að Íslendingar hafa ákaflega sterka mynd af sér sem þjóð og uppruna sínum að ekki sé minnst á sjálfstæðisbaráttuna sem einkenndist af mikilli þjóðerniskennd. Hins vegar einkenndist hún ekki af hreinni andúð gagnvart öðrum þjóðum eða menningu þeirra. Í mörgum tilfellum er þjóðernishyggja réttlætt sem ættjarðarást (patriotism) og í þeim tilfellum virðist guð ótrúlega oft leggja blessun sína yfir þjóðernisbaráttu þjóða¹⁴ Ekki síst þegar baráttan er hörð.

Ethnocentrism: Í þessari ritgerð verður eitthvað minnst á þetta hugtak (ethnosentrismi eða ethnosentrískur) en það er sambærilegt við þjóðernishyggju eða kynþáttafordóma (racism). Ethnosentrismi vísar þó eingöngu til sambands einstaklings við etniskan hóp fremur en þjóðar eða kynþáttar.¹⁵ Best er líklega að lýsa ethnosentrisma sem hópkennd, þ.e. fólk finnur til sterkra tengsla til síns hóps (inn-hópur) en til ótta, andúðar og jafnvel haturs, á öðrum hópum (út-hópum).¹⁶ Þessi kennd er iðulega neikvæð en getur verið jákvæð á svipuðum forsendum og þjóðerniskennd.

Nýbúi: Átti upprunalega að koma í stað orðsins innflytjandi en það stóð fyrir einstaklinga, af erlendu bergi brotna, sem flytja til landsins og setjast að til lengri eða skemmri tíma. Hugtakið hefur þó ekki náð nægilega góðri festu eða skilgreindri merkingu í málinu.¹⁷ Verður í þessu riti notað í stað orðsins innflytjandi, á sama hátt og upprunalega var áætlað.

¹² Kellas 1998:4

¹³ Kellas 1998:28

¹⁴ Kellas 1998:33

¹⁵ Kellas 1998:6

¹⁶ Kellas 1998:7; Banks 2001:4

¹⁷ *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:20; Ingibjörg Hafstað 1994:8

Hins vegar verður notast við hugtakið tvítyngd börn um þau börn nýbúa sem hafa fæðst hérlendis og hafa íslenskan ríkisborgararétt.

Tvítyngi: Tvítyngdur einstaklingur talar annað tungumál í samfélagi þjóðernis-minnihlutans ásamt því að tileinka sér tungumál meirihlutans. Þegar einstaklingur getur skilið, lesið, skrifað og talað á tvö tungumál og lifað í tveimur menningarheimum er talað um virkt tvítyngi gefið að hann hafi nokkra færni í því.¹⁸ Hérlendis er unnið að því að gera nýbúa og börn þeirra tvítyngd, með sérstakri kennslu í íslensku auk kennslu í móðurmáli viðkomandi.¹⁹

„Menntakerfi sem hefur að markmiði að gera minnihluta tvítyngda miðar að því að þeir viðhaldi einkennum sínum um leið og þeir tileinka sér meirihlutamenninguna. Tvítyngi menningarlegra minnihluta er því af mörgum talið forsenda fjölmenningslegrs þjóðfélags.“²⁰

Fjölmenning: „Fjölmenningslegt samfélag er hugtak sem notað er um það samfélagsform þar sem fólk af mismunandi etniskum uppruna býr saman í einu samfélagi.“²¹ Sem dæmi má nefna Bandaríkin og Bretland. Í þessum ríkjum búa margir mismunandi menningarhópar af ýmiskonar uppruna saman og mynda þjóðir en ein meirihlutamenning ræður þó ríkjum. Á hinn bóginn er umdeilanlegt hvort telja eigi þjóðir sem ekki virða lagalegan rétt og stuðla að jafnrétti allra minnihlutahópa og þjóðernisminnihluta til fjölmenningslegrar samfélaga. Þrátt fyrir að í Bretlandi og Bandaríkjunum búi margir menningarhópar eru þessi ríki ekki yfirlýst fjölmenningsfélög. Enn er ætlast til að allir tileinki sér meirihlutamenninguna og noti upprunamenninguna bara heima við eða í afmörkuðum félagsskap.

Fjölmenningskennsla: Kennsluferli sem miðar að því að auka jafnrétti til náms og árangurs í námi, bæta samskipti mismunandi menningarhópa, minnka fordóma og auðga samfélagið. Í könnuninni sem lögð var fyrir kennara var fjölmenningskennsla skilgreind á eftirfarandi hátt: „Þegar tekin er sú afstaða að tiltekinn hópur þurfi á kennslu að halda sem tekur á samskiptum mismunandi menningarhópa. Reynt er að kenna hlutleysi og virðingu

¹⁸ *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:17

¹⁹ *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:16-17

²⁰ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:15

²¹ Guðrún Pétursdóttir 1999:8

fyrir mismunandi skoðunum, lífsmynstrum og gildum.“²² Sjá nánar í kaflanum um fjölmeningarkennslu (2. kafli). Fjölmeningarkennsla er lögð að jöfnu við fjölmeningarlega kennslu í ritgerðinni.

²² Sjá nánar í fylgiskjali A

2. Fjölmeningarkennsla

Hér á eftir verður fjallað um hugmyndafræðilegar forsendur fjölmeningarkennslu. Fyrst verður leitast við að útskýra einkenni fjölmeningarsamfélags. Næst verða hugmyndafræði og markmið fjölmeningarkennslu skýrð nánar, kostir hennar og gallar dregnir fram.

Það er grundvallarmunur á fjölbreyttri menningu og fjölmeningu sem verður til þess að fjölmeningarkennsla er nauðsynleg. Samfélag sem í búa margir einstaklingar með mismunandi skoðanir og lífsstíl getur vel talist vera fjölbreytt. Þess háttar samfélag getur verið myndað af mörgum menningarhópum sem búa í nágrenni við hvern annan og hafa ýmis konar samskipti á hverjum degi, til dæmis gegnum verslun og vinnu. Þess háttar samfélag er vissulega fjölbreytt en það er ekki þar með sagt að það sé fjölmeningarsamfélag.

Í fjölmeningarsamfélagi eru allir þessir hópar og einstaklingar jafnir. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur, þeir eru jafnir fyrir lögum og hafa sama aðgang að menntun og þjónustu. Í fjölmeningarsamfélagi er fólk ekki bundið af einhverskonar staðalmynd sem fest hefur í sessi heldur geta einstaklingar búið og tekið þátt í fleiri en einum menningarhóp.

Slíku samfélagi gæti verið líkt við almenningsgarð, eða fjölmeningargarð.²³ Garðurinn er einhvers konar afmarkað svæði sem fólk með mismunandi áhugamál sækir sér til ánægju. Sumir koma þangað til að viðra hundinn, aðrir til að borða eða lesa og enn aðrir til að stunda einhvers konar íþróttir. Það má gera ráð fyrir að garðurinn eigi sína fastagesti og að sumir þeirra geri alltaf það sama, t.d. lesa. Ef einhver fylgist með garðinum í svolitinn tíma má gera ráð fyrir að hann sjái ákveðna hópamyndun. Til dæmis gæti verið hópur fólks sem kemur einungis til að skokka. Einnig er líklegt að rannsakandinn sjái einstaklinga sem gera mismunandi hluti dag frá degi. Þannig manneskja er fjölmeningarleg. Hún er ekki föst í sinni etnisku sjálfsmynd eða etniska hóp. Hún getur skipt um og nýtt sér þá hópa sem eru í garðinum. Að vísu eru til hópar sem fólk skiptir ekki svo einfaldlega um þar sem það gengur gegn reglum um hver tilheyrir hópnum og hver ekki. Engu að síður getur fjölmeningarleg manneskja skilið reglur hópanna, tekið þátt í ákveðnum viðburðum og nýtt sér kosti hans að einhverju leyti. Sama hvaða hópi eða hópum fólkið í þessum garði tilheyrir á það að minnsta kosti sameiginlega hagsmuni í að

²³ Roth 1999

garðurinn sé hreinn og til staðar. Að auki er öllum í hag að fólk fari eftir reglum garðsins og að virðing sé borin fyrir því sem aðrir hópar eru að gera.²⁴

Þetta er í stíl við samfélag þar sem myndað er svigrúm fyrir hópa með mismunandi gildi, skoðanir og menningu. Það öllum í hag að gagnkvæm virðing og umburðarlyndi ríki milli hópa og að allir virði grundvallarreglur samfélagsins. Fjölmeningargarðurinn er ein af fjölmörgum líkingum sem hafa komið fram um fjölmeningarleg samfélög. Um aðrar líkingar má nefna sem dæmi saladskálina, mósaíkmyndina og bræðslupottinn. Þessar líkingar bjóða hins vegar ekki uppá sömu fjölbreytni og fjölmeningargarðslíkingin þar sem einingarnar, fólkið, geta skipt um einkenni og stöðu eða haft einkenni nokkurra hópa.

Stjórnendur Reykjavíkurborgar virðast hafa áttað sig á að mismunandi hópar eigi hagsmuna að gæta í fjölmeningargarðinum Reykjavík. Það má kannski líkja stjórnendum borgarinnar við umsjónarmenn fjölmeningargarðs sem eru að átta sig á mikilvægi hans og mikilvægi þess að koma til móts við sem flesta gesti hans. Gefin hefur verið út fjölmeningarstefna á vegum borgarinnar. Í henni er fjallað um réttindi og sambærilega menntun útlendinga, gagnkvæma aðlögun útlendinga og þeirra sem fyrir eru auk aðlögunar stofnana og það að borgarbúar nýti sér menningarlega fjölbreytni borgarinnar. Í stefnunni er einnig minnst á að nýta menntun til að koma í veg fyrir fordóma og er sérstakleg minnst á fjölmeningarlega kennslu í því sambandi.²⁵ Stefna eins og sú sem Reykjavíkurborg hefur gefið út, ætti að sjálfsögðu að vera til í öllum bæjarfélögum á landinu og í samræmi við stefnu sem til væri hjá menntamálaráðuneytinu.

Ef fjölmeningarlega samfélagið á að ganga þarf að kynna öllum þegnum þess þær reglur sem eiga að gilda. Gagnkvæm virðing þarf að ríkja milli mismunandi hópa, fyrir lífsstíl og reglum. Skólakerfið í fjölmeningarsamfélagi er sérstaklega ábyrgt fyrir að berjast gegn kynþátta- og útlendingahatri þar sem það er sú stofnun sem hefur hvað mest áhrif á gildi og skoðanir barna. Hann er einnig í þeirri sérstöku stöðu að innan hans mætast mismunandi menningarhópar og eru því í tilvalinni stöðu til að læra hver um annan og af hverjum öðrum.²⁶ Bent hefur verið á fjölmeningarkennslu sem beitt vopn gegn fordómum og sem sterkt tæki til að nota þegar unnið er að jafnrétti mismunandi hópa.²⁷

²⁴ Roth 1999:39-40

²⁵ *Fjölmeningarstefna Reykjavíkurborgar 2001-2004*. 2001

²⁶ Roth 1999:11

²⁷ Banks 2001:4, 6-10, 21; Feinberg 1999:14; Guðrún Pétursdóttir. 1999:33-34, 37, 40-42

2.1 Hugmyndafræði og markmið

Fjölmenningarsamfélagið er, samkvæmt þeirri umfjöllun sem fór fram hér á undan, samfélag margra mismunandi hópa, með mismunandi efnahagsstöðu, áhugamál, gildi, skoðanir og lífsstíl. Engu að síður eiga allir hóparnir sameiginlegra hagsmuna að gæta í samfélaginu og samskiptum sín á milli. Fjölmenningarkennsla er margþætt ferli sem nota á til að stuðla að árangri í menntun, jafnrétti til menntunar og fordómaleysi.²⁸ Fjölmenningarkennsla tekst á við kúgun og félagsleg ójafnrétti sem byggt er á kyni, félagslegri stöðu, kynþætti eða fötlun o.s.frv.. Tilgangur hennar er að undirbúa tilvonandi þegna samfélagsins til að breyta samfélaginu svo það sinni þörfum allra hópa.²⁹ Sagt hefur verið að fjölmenningarkennsla sé „ákveðin meginlögmál sem ganga þvert í gegnum öll fög og verkefni, allt námsefni og fjölmiðla eða liggja að baki þeim”³⁰

Til að byrja með má greina fjölmenningarlega kennslu í fimm þætti. Rétt er að taka fram að atriðunum er ekki raðað í forgangsröð.

- Jafnréttisuppeldisfræði þegar kennarar hafa árangur einstaklinganna í fyrirrúmi sama hver uppruni, menning, kyn eða félagsleg staða þeirra er.
- Innihalds samþætting sýnir hvernig og hversu mikið kennarar nýta sér úrval mismunandi hópa bekkjarins við kennslu.
- Þegar kennarar hjálpa nemendum að skilja, rannsaka og ákvarða hvernig menningarleg sjónarhorn, fordómar, tilvísanir o.fl. hafa áhrif á hvernig þekking er byggð upp.
- Reynt er að minnka fordóma með því að kanna viðhorf nemenda og móta þau með kennsluaðferðum og kennsluefni.
- Uppbygging skólamenningar er mikilvægur þáttur varðandi jafnrétti. Öllum hópum og einstaklingum þarf að geta liðið vel í skólanum. Því er fylgst með samskiptum og starfi mismunandi menningarhópa, starfsfólks, nemenda af mismunandi etniskum hópum og hópamyndun til að byggja upp slíka menningu.³¹

Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir menningu einstaklinganna. Eitt af markmiðum kennara hýtur að vera að ná árangri með nemendur sína. Ef kennarinn gerir sér ekki grein

²⁸ Banks 2001:4

²⁹ Grant og Sleeter 2001:68-69

³⁰ Guðrún Pétursdóttir 1999:39

³¹ Banks 2001:23

fyrir samspili allra mismunandi þátta barnsins á það er ekki líklegt að árangur náist. Fjölskyldustaða, kyn, þjóðfélagsstaða, fátækt, trú, fötlun og svo margt fleira getur haft áhrif á barnið. T.d. er líklegt að drengur sem býr hjá einstæðri móður og tveimur systkinum í íbúð frá félagsmálastofnun líti hlutina ekki sömu augum og stelpa sem elst upp ein hjá efnuðum foreldrum.³² Það er líklegt að möguleikar þeirra til árangurs sú mismunandi og að bilið stækki ef kennari er ekki vakandi fyrir þessum mun.

Kennarar þurfa einnig að nýta sér þá fjölbreytni sem fyrirfinnst innan bekkjarins eða skólans, til dæmis í hópavinnu eða rannsóknarverkefnum þar sem mismunandi eða svipuð sjónarhorn geta dýpkað skilning á efninu. Engu að síður þarf líka að sýna börnunum hvernig þekking getur verið byggð upp með tilli til fordóma, menningarlegra sjónarhorna t.d. áhrif hvítra karla og kristninnar á vestræn samfélög. Hér er einnig verið að benda á hvernig dulin skilaboð geta haft áhrif á skilning og þekkingu okkar, til dæmis í gegnum brandara, auglýsingar, myndir o.fl. sem byggja á staðalmyndum og fordómum.³³

Fordómar og staðalmyndir spretta upp af ótta við hið ókunna³⁴ og eru því afurð þekkingarleysis. Því er það sjálfkrafa hlutverk skólans að minnka eða eyða þeim með fræðslu og kynningu á mismunandi lífnaðarháttum og viðhorfum. Það er ekki síður mikilvægt að kennarar kenni börnunum að sjá, skilja og meta hvernig þessir fordómar koma fram á hinum ýmsu sviðum mannlífsins. Til þess þarf að beita þeim verkfærum sem kennarinn hefur á sínum snærum til að leiða þetta í ljós, þ.e. kennsluefni og kennsluáðferðum. Það er samt ekki nægilegt að kennarinn vinni með efnið. Hann þarf líka að kanna þá fordóma og þær staðalmyndir sem hann hefur tileinkað sér gegnum tíðina og vinna með þá auk þess að hvetja nemendur sína til þess sama. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir hvernig fordómar og staðalmyndir hafa áhrif á samfélagið og sjá hvernig þeir geta komið fram leynt og ljóst. Ekki síst innra með sjálfum sér.

Fjölmennigarkennsla er ekki bara fyrir bekkji eða skóla sem hafa nýbúa innanborðs. Hún er ekki síður fyrir hópana sem fyrir voru í samfélaginu til að aðlaga þá að nýju samfélagsformi. Þau börn sem ekki hafa tækifæri til að kynnast ólíkum menningarhópum þurfa einmitt sérstaklega á slíkri kennslu að halda til að fyrirbyggja fordóma.³⁵ Þar sem tilgangurinn er að undirbúa nemendurnar í að taka þátt í samfélaginu verða skólar að vera opnir fyrir þeim breytingum sem þar eiga sér stað og fylgja þeim.

³² Grant og Sleeter 2001:62-63

³³ Guðrún Pétursdóttir 1999:42

³⁴ Guðrún Pétursdóttir 1999:33

³⁵ Guðrún Pétursdóttir 1999:36

Jafnvel þótt ekki verði vart við þær fyrstu árin innan veggja stofnunarinnar sjálfrar. Þrátt fyrir að fjöldi nýbúa og tvítyngdra einstaklinga hafi aukist mikið innan skólanna undanfarin ár eru enn til bekkir og skólar sem litla eða enga reynslu hafa af menntun einstaklinga úr öðrum menningarhópum. Það eru einstaklingarnir í þeim skólum sem þurfa hvað mest á fjölmenningarlegri kennslu að halda.

2.2 Kostir og gallar

Fjölmeningarkennsla hefur sína kosti og galla. Helstu kostir hennar hafa líklega komið fram hér í ritgerðinni en engu að síður er ástæða til að draga þá saman til áréttingar. Til að byrja með er hún fræðandi. Börn og fullorðnir læra um fleiri sjónarhorn á heiminn, lífið og tilveruna en þau sem ríkja í þeirra samfélagi auk þess sem þau læra áhugaverða hluti um fjarlæga menningarheima. Þau sjá og skilja hvernig fordómar og staðalmyndir hafa áhrif á líf okkar og átta sig á hvernig þessi fyrirbrigði koma fram í umhverfinu, s.s. í gegnum fjölmiðla, brandara og svo framvegis. Ef hún hefur þau viðtæku áhrif sem vonast er til hefur hún hvetjandi áhrif til friðar og jafnvægis í samfélaginu. Fyrir vikið koma einstaklingar framtíðarinnar vonandi til með að hafa aukna möguleika til að lifa og starfa í stórum og fjölbreyttum heimi. Einn kosturinn við aðferðina sem kennslutæki er að hún krefst ekki verulegrar breytingar á námskrám skólanna. Helst eiga fögin að halda sér en kennarar ættu að taka meira tillit til þeirrar fjölbreytni sem ríkir í bekkjum og notfæra sér hana til að auka árangur einstaklinganna á þeirra forsendum. Lagt er til að kennarinn átti sig á eigin fordómum og notfæri sér fögin til að kenna börnunum. Einnig er mikilvægt að gleyma ekki að öll menning er jafngild. Því er ekki ástæða til annars en kenna börnunum virðingu fyrir menningu meirihlutaþópsins. Það má ekki gleyma að hana ber að virða jafnmikið og aðra menningu annarra hópa landsins.

Gallarnir byggjast flestir á þeirri staðreynd að fólk er fengið til að beita ferlinu. Við ætlumst til að kennarar sem eru aldir upp með ákveðin gildi og skoðanir, að ekki sé talað um fordóma og staðalmyndir sem hafa síast inn gegn um árin, varpi þeim af sér og kenni á fjölmenningarlegan hátt. Það má ekki gleyma að slíkt er ákaflega erfitt. Til þess þarf mikinn undirbúning, helst innan menntunar þeirra. Ekki má gleyma að styðja við kennarana, til dæmis með endurmenntanámskeiðum og skólaumhverfinu sem minnir þá á þetta verkefni þeirra. Fjölmeningarkennsla er líklega kostnaðarsöm, að minnsta kosti til að byrja með. Það kostar sitt að ráða túlka og móðurmálskennara, undirbúningur kennara þarf

að fara öðruvísi fram, skólaumhverfið þarf að taka ýmsum breytingum og helst þurfa þessar breytingar að eiga sér stað í skólakerfinu öllu. Allt frá leikskóla upp í háskólanám. Hvort fjárútlátin skila sér er svo vissulega matsatriði. Skólakerfi eru yfirleitt ekki vettvangur sem skilar beinum hagnaði en fjárfestingin skilar sér á öðrum sviðum samfélagsins.

Þrátt fyrir hina sterku tilhneigingu til að kalla eftir fjölmeningarkennslu í ritgerðinni hefur enn ekki verið bent á eina mikilvæga hlið málsins. Flestir menningarhópar eru etnósentrískir, þ.e. trúá sterkt á eigin gildi og það að þeirra menning sé að einhverju leyti best. Menningarlegt umburðarlyndi og það að snúa bakinu við etnósentrisma er vestræn hugmynd og endurspeglar vestræn gildi. Því er möguleiki á að það að predika menningarlegt umburðarlyndi og jafnrétti mismunandi menningarhópa og þjóðernisminnihluta sé í eðli sínu ekki umburðarlynd stefna. Þetta gæti enn og aftur lýst trú á vestræn gildi fram yfir gildi annarra hópa.³⁶

Í stuttu máli má segja að í fjölmeningarsamfélagi sé þörf á jafnrétti og þekkingu, á gildum og siðum allra menningarhópa. Þetta er fyrst og fremst markmið hugmyndafræði fjölmeningarkennslu sem stefnir að jafnrétti allra hópa til menntunar og árangurs og upprætingu fordóma. Þar sem íslenskt samfélag verður fjölbreyttara með hverjum deginum er þörf fyrir einhverskonar átak innan skólakerfisins sem stuðlar að jafnrétti og fræðslu um mismunandi menningarhópa. Eins og hugmyndafræðin ber með sér er fjölmeningarkennsla tilvalið ferli fyrir þess háttar vinnu.

³⁶ Spring 1994:85 (vitnað í Allan Bloom)

3. Lagalegar forsendur

Hér á eftir verður fjallað um ýmsar lagalegar forsendur sem eru fyrir því fjölmenningu og fjölmenningsarkennslu hérlendis. Vísað verður í nokkra lagalega texta sem íslenska ríkið er aðili að eða hefur sett sér. Þeir eru valdir með tilliti til mikilvægis þeirra gagnvart íslensku skólaumhverfi. Fyrst ber að telja alþjóðalög um mannréttindi og réttindi barna sem sett hafa verið og samþykkt af Sameinuðu þjóðunum. Þar á eftir kemur staðfesting stjórnarskrár íslenska lýðveldisins á þeim lögum og að lokum koma valdir kaflar úr aðalnámskrá grunnskóla.

3.1 Mannréttindayfirlýsingin

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var tók gildi 10. desember 1948 eftir að allar aðildarþjóðir samtakanna höfðu samþykkt hann. Í yfirlýsingunni er að finna reglur um réttindi og skyldur einstaklinga ásamt skyldum ríkjanna sem að sáttmálanum koma til að framfylgja reglunum. Það má segja að um siðareglur í samskiptum sé að ræða. Ekki bara milli einstaklinga heldur einnig milli ríkja. Ákveðin einföldun hlýtur að felast í því að öll aðildarríkin séu með svipaðar eða eins reglur varðandi réttindi almennings og stjórnvalda.

Rétt er að taka fram að strax í inngangi mannréttindayfirlýsingarinnar er þess krafist að aðildarþjóðirnar sýni, kynni, lesi og útskýri yfirlýsinguna fyrir þegnum sínum. Ekki síst í skólum og menntastofnunum.³⁷ Enn fremur skyldu allir einstaklingar sem og minni einingar samfélaganna kappkosta með kennslu og menntun að efla virðingu fyrir réttindum þeim og frelsi sem tíunduð eru í yfirlýsingunni.³⁸

Samkvæmt yfirlýsingunni eru allar mannverur fæddar frjálsar og jafnar að virðingu og réttindum. Þær eru gæddar viti og samvisku og eiga að breyta bróðurlega hver við aðra.³⁹ Allir eiga tilkall til þeirra réttinda og þess frjálsræðis sem lýst er í sáttmálanum, án nokkurrar mismununar, vegna kynþáttar, litarhafts, kyns, tungumáls, trúar, pólitískra skoðana sinna eða annara skoðana, þjóðernis- eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis, stöðu (lagalegrar eða alþjóðlegrar) þess lands eða svæðis eða annarra ástæðna.⁴⁰ Í yfirlýsingunni segir að með menntun skuli vera stefnt að fullum þroska mannlegs persónuleika og eflingu

³⁷ *Mannréttindayfirlýsing* 1948: inngangur

³⁸ *Mannréttindayfirlýsing* 1948: inngangur

³⁹ *Mannréttindayfirlýsing* 1948: 1. grein

⁴⁰ *Mannréttindayfirlýsing* 1948: 2. grein

virðingar fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Menntun á að hvetja til skilnings, þolinmæði og vináttu milli allra þjóða, kynþátta eða trúarhópa og stuðla að friði.⁴¹ Enn fremur segir í yfirlýsingunni að allir hafi rétt til þátttöku í menningarlegum atburðum samfélagsins, til að njóta lista og til að deila vísindalegum árangri og ágóða.⁴²

Þessar völdu greinar hér að ofan lýsa réttindum manna og það mikilvægasta sem fram kemur er að allir einstaklingar eru jafnir. Hvort sem einstaklingurinn er lítill eða stór, trúaður eða ekki, með herraklippingu eða húðflúr hefur enginn rétt til að beita hann misrétti eða skerða frelsi hans.

3.2 Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var staðfestur af Íslendingum 20. nóvember 1989. Hann byggir að miklu leyti á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem um er fjallað hér að ofan. Í barnasáttmálanum er farið ýtarlegar í saumana á réttindum barna. Þau skerpt og ítrekuð og hann gildir sem alþjóðalög. Í inngangi sáttmálans er strax minnt á að Sameinuðu þjóðirnar hafi lýst því yfir að börn þurfi sérstaka vernd⁴³ og er barnasáttmálinn líklega eitt stærsta skrefið til að framfylgja því ákvæði.

Mikil áhersla er lögð á rétt barnsins til að þekkja og njóta eigin menningararfleiðar í sáttmálanum og sést það strax í inngangi sáttmálans en þar er einnig minnst á mikilvægi þess að halda í siðvenjur og menningararfleifð þjóðar barnsins til að tryggja vernd og þroska þess.⁴⁴ Lögð er áhersla á virðingu fyrir foreldrum, arfleifð, tungu, gildismati, þjóðernislegum gildum barnsins og ekki síst virðingu fyrir menningarháttum sem skera sig frá menningu barnsins.⁴⁵ Réttur barnsins til að njóta menningar sinnar er aftur ítrekaður varðandi minnihlutahópa innan annarra ríkja þar sem hætta getur verið á að þau tengsl menningar og barns tapist.⁴⁶ Menntun barna á eðlilega erindi í sáttmála sem þennan. Réttur til menntunar er allra barna og ættu öll börn að njóta sömu tækifæra.⁴⁷ Einnig skyldu ráðgjöf og upplýsingar um nám og störf vera öllum börnum innan handar.⁴⁸ Að öðrum kosti er eitt af aðalmarkmiðum menntunar að undirbúa barnið

⁴¹ *Mannréttindayfirlýsing* 1948: 26. grein

⁴² *Mannréttindayfirlýsing* 1948: 27. grein

⁴³ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 1992. vitnað í 25. grein, 2. lið mannréttindayfirlýsingarinnar.

⁴⁴ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: inngangur

⁴⁵ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 29. grein, c) liður

⁴⁶ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 30. grein

⁴⁷ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 28. grein

⁴⁸ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 28. grein, d) liður

til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.⁴⁹

Ætlast er til þess að ríkið sjái til þess að börnin hafi aðgang að fjölmenningu annars staðar en í skólanum og inná heimilinu því stjórnvöld eiga að hvetja fjölmiðla til að taka tillit til tungumálaparfa barna sem tilheyra þjóðernisminnihlutum.⁵⁰

Barnasáttmálinn gildir sem alþjóðalög og fyrir vikið ber stjórnvöldum að framfylgja því sem í honum stendur. Það er greinilegt að börn eiga sama rétt og annað fólk til að njóta menningar sinnar og það má með engu mismuna þeim á nokkrum forsendum. Það að fræða alla einstaklinga sem eru í skólakerfinu um menningu sína og annarra, aðstoða þau til náms í móðurmáli sínu og nýju máli og veita þannig öllum jafnan rétt til náms er því skylda stjórnvalda.

3.3 Stjórnarskrá Íslands

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins var staðfest og tekin í gildi 17. júní 1944. Hún er lagalegur grundvöllur íslenska ríkisins, þ.e. lög eru samin með tilliti til hennar og reglugerðir gerðar til að skerpa og tíunda löginn frekar og útskýra framkvæmd þeirra. Í stjórnarskránni felst staðfesting á þeim lögum sem sett voru með mannréttindayfirlýsingunni um jafnrétti manna fyrir lögum.

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.⁵¹

⁴⁹ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 29. grein

⁵⁰ *Samningur Sameinuðu þjóðanna um...*: 17. grein d) liður

⁵¹ *Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins* nr. 33/1944: 65. grein (greinin var sett sem nýmæli inn í stjórnarskrá með lögum nr. 97, 3. grein þann 28.júní, 1995)

Með þessari staðfestingu hefur íslenska lýðveldið skuldbundið sig til að framfylgja jafnrétti manna sem og vinna að því að allir njóti þess. Það má svo spyrja sig hvort þetta hafi tekist mjög vel hingað til.

3.4 Aðalnámskráin

Eins og fjallað var um hér að framan eru lög byggð á stjórnarskrá. Reglugerðir eru svo settar til að skerpa á einstökum ákvæðum laganna auk þess að útskýra framkvæmdaþátt þeirra. Aðalnámskrá grunnskóla var tekin í gildi 1. júní 1999. Aðalnámskrá grunnskólastigsins er raunverulega reglugerð og útskýring á framkvæmd einstakra þátta grunnskólalaganna. Hið sama gildir um aðalnámskrá leikskólastigsins og framhaldsskólastigsins.

Aðalnámskrá grunnskóla ítrekar sérstaklega jafnrétti allra til náms og árangurs í námi.

Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfð jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu.⁵²

Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu.⁵³

⁵² *Aðalnámskrá grunnskóla (A)* 1999:16

⁵³ *Aðalnámskrá grunnskóla (A)* 1999:14

Aðalnámskráin hvetur einnig til fjölbreyttra kennsluaðferða og ítrekar það umburðarlyndi og virðingu sem ber að efla í grunnskólunum.

Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, náungakærleik og verðmætamat. Fjölbreytni í kennsluháttum og heilbriggt félagslíf stuðlar m.a. að þessum markmiðum. Í grunnskólum ber að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða.⁵⁴

Auk þess er tekið fram að kennsluaðferðir megi aldrei mismuna nemendum.⁵⁵

Ýmsar fleiri áhugaverðar setningar og markmið má finna í faggreinum aðalnámskrárinnar. Sem dæmi má nefna að aðalnámskrá leggur til jafns nýbúa og nemendur með annað tungumál en íslensku.⁵⁶ Fyrir vikið má og á að veita börnum sem hafa íslensku fyrir móðurmál en hafa lélegan grunn í henni, t.d. vegna langdvalar erlendis þar sem annað tungumál er orðið þeim tamt, svipaðan stuðning og börnum sem kunna enga íslensku. Rétt er að nefna að sá hluti námskrárinnar sem fjallar um íslenskukennslu er með sérstakan kafla um kennslu barna með annað móðurmál en íslensku.⁵⁷ Einnig er mikilvægt að muna að aðalnámskrá leggur áherslu á virðingu fyrir móðurmáli nemenda og jafnrétti til náms. Því er grundvöllur fyrir kennslu í móðurmáli nemenda eða því máli sem börnin hafa tileinkað sér utan íslenskunnar. Þrátt fyrir að eftirfarandi tilvitnanir séu ekki í beinum tengslum við kennslu nýbúa eða tvítyngdra barna má vissulega hafa þær í huga varðandi kennslu þeirra.

Tungumálið hefur gert þjóðum jarðar kleift að varðveita menningararfleifið sína og siðvenjur sem flust hafa frá einni kynslóð til annarrar.⁵⁸

Kunnátta í erlendum tungumálum og innsýn í menningu annarra þjóða getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi og er ein af helstu

⁵⁴ *Aðalnámskrá grunnskóla (A)* 1999:14

⁵⁵ *Aðalnámskrá grunnskóla (A)* 1999: 32

⁵⁶ *Aðalnámskrá grunnskóla (A)* 1999: 21-22

⁵⁷ *Aðalnámskrá grunnskóla (B)* 1999: 6

⁵⁸ *Aðalnámskrá grunnskóla (D)* 1999: 6

forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni⁵⁹

Þrátt fyrir það umburðarlyndi sem talað er um gagnvart trúarbrögðum í námskránni, barnasáttmálanum, mannréttindayfirlýsingunni og stjórnarskránni gerist menntamála-ráðherra sekur um þversögn sem gerir lítið úr öllu jafnréttistali.

Við framkvæmd skólastefnunnar ber að halda í heiðri gildin sem hafa reynst okkur Íslendingum best. Skólarnir hafa vaxið úr jarðvegi kristinnar og þær rætur mega aldrei slitna.⁶⁰

Jafnvel í kristinfræðihluta má sjá meiri virðingu og umburðarlyndi en ráðherra sýnir öðrum trúarbrögðum með þessari setningu.⁶¹ Engu að síður verða ráðamenn að íhuga alvarlega hvort trúarfræðsla eigi að eiga sér stað innan grunnskólanna eða á heimilum. Það er gott og gilt að kenna siðfræði, jafnvel þótt hún grundvallist á kristinni trú, og að fræða börn um jafn stóran hluta af samfélaginu sem kristin trú er. En það er hreint og beint brot á lögum að gera upp á milli trúarbragða á þann hátt sem ráðherra gerist sekur um í sjálfri aðalnámskránni.

Allar löglegar forsendur eru fyrir hendi til að taka upp fjölmeningarkennslu í grunnskólum hérlendis. Það er ólöglegt að mismuna fólki á nokkurn hátt og allir eiga rétt á að njóta menningar sinnar og annarra í þeim mæli sem þeir vilja njóta hennar. Ekki síst þegar um menningararfleifð einstaklinganna sjálfra er að ræða. Einnig ber að muna að allir einstaklingar hafa jafnan rétt til náms og menntunar. Ef nýbúum og tvítýngdum börnum er ekki hjálpað til að ná góðum tókum á íslenskri tungu og menningu er ekki líklegt að þau nái góðum árangri í námi eða fari í framhalds- eða háskólanám hérlendis eftir skyldunámið. Sem dæmi um það er óhugnarlega hátt brottfall framhaldsskólanema af erlendum uppruna hérlendis.⁶² Ef þetta ástand verður viðloðandi er ekki hægt að halda fram að um jafnrétti til náms sé að ræða hérlendis. Ef stjórnvöld myndu setja stefnu sem krefðist fjölmeningarkennslu við alla skóla landsins væri það að minnsta kosti skref í rétta átt til að fullnægja lagalegum skyldum þeirra.

⁵⁹ *Aðalnámskrá grunnskóla (D)* 1999: 6

⁶⁰ *Aðalnámskrá grunnskóla (A)* 1999; Inngangur ráðherra bls. 6

⁶¹ *Aðalnámskrá grunnskóla (C)* 1999: 9-13

⁶² Þórdís Lilja Gunnarsdóttir 2002:36

4. Aðstæður og aðlögun tvítyngdra barna og ungra nýbúa

Hér á eftir verður fjallað er um mismunandi hugmyndafræði aðlögunar og aðferðir sem notaðar eru í grunnskólunum til aðlögunar og aðstoðar við börnin. Að lokum er kannað hvernig undirbúningi grunnskólakennaranema er háttað á Íslandi. Þessi kafli fjallar því um forsendur samtímans, það er hvað er gert varðandi þessi málefni í dag.

Þegar kemur að aðlögun útlendinga eða minnihlutahópa í nýjum samfélögum hafa helst verið farnar fjórar leiðir, aðskilnaður, einangrun, samlögun og samþætting.

Aðskilnaður byggir á að hóparnir sem um ræðir eru algerlega aðskildir, jafnvel á afmörkuðum svæðum og hafa lítil sem engin samskipti. Í sumum tilfellum níðist valdhafinn að mörgu leyti á hinum hópnum/hópunum.⁶³ Athuga skyldi að hópurinn með völdin þarf hvorki að vera innfæddur né stærri en hinn hópurinn. Skýrt dæmi um aðskilnaðarstefnu mátti sjá í Suður-Afríku fram til 1990.⁶⁴

Einangrun felur í sér að minnihlutahópurinn tileinkar sér ekki nýja menningu og slitnar einnig frá fyrri menningu sinni.⁶⁵ Hópurinn myndar þá væntanlega einhvers konar nýja menningu sem byggir að litlu leyti á gömlu menningunni en er engu að síður ekki í tengslum við nýja samfélagið.

Þegar um samlögun er að ræða segja innflytjendur og aðrir minnihlutahópar skilið við menningu sína og tungumál og taka í staðinn upp tungumál og menningu nýja samfélagsins. Til þess er ætlast að þeir skilgreini upp á nýtt þjóðerni sitt eða ethnic identity.⁶⁶ Þetta fyrirbæri er vel þekkt í Bandaríkjunum og hefur verið líkt við bræðslupottinn eða „melting pot“. Hugmyndin var sú að allir hóparnir bráðnuðu að endingu saman í eina bandaríska menningu en það hefur vissulega gengið misvel eftir hópum.⁶⁷

Sú stefna sem í dag telst vera æskilegust þegar kemur að aðlögun mismunandi menningarhópa er samþætting.⁶⁸ Áherslan er þá lögð á að útlendingar séu virkir samfélagsþegnar án þess að slitna úr tengslum við upprunalega menningu sína og tungumál.⁶⁹ Ætlast er til að þeir nái tökum á máli meirihlutans og skilgreini sig og lífi sem hluti af báðum menningarheimum (verði til dæmis tvítyngdir)⁷⁰ og njóti algers jafnréttis

⁶³ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:8; Kellas 1998:165

⁶⁴ Kellas 1998:164-165

⁶⁵ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:8

⁶⁶ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:7; *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:15

⁶⁷ Kellas 1998:122

⁶⁸ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:11; *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:15

⁶⁹ *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:15

⁷⁰ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:8

miðað við meirihlutann. Samþættingarstefnan er sú stefna sem fylgt er hérlandis í dag. Engu að síður þarf að varast að samþættingarstefnan taki ekki á sig mynd svokallaðrar mjúkrar samlögunar. Hættan liggur helst í því að einstaklingum minnihlutahópanna er veitt aðstoð á jafnréttisgrundelli en hóparnir sjálfir njóta engra sérstakra réttinda. Hérlandis geta einstaklingar með annað móðurmál en íslensku fengið aðstoð við móðurmálsnám. Móðurmál þjóðernisminnihluta hefur engu að síður ekki verið gert að skyldunámi. Þar af leiðandi eru send út skilaboð um að nám í móðurmáli og upprunamenningu hópanna sé einungis til að auðvelda aðlögun einstaklinganna að meirihlutamenningunni.⁷¹ Fjölmennningarstefna gerir öllum menningarhópum jafnt undir höfði og hvetur fólk til að lifa í báðum menningarheimum sínum. Upprunalegri menningu og nýrri meirihlutamenningu.

Rétt er að minna á að fyrr í ritgerðinni var samfélögum sem fylgja þessari fjölmennningarstefnu hefur verið líkt við eins konar almenningsgarð. Mismunandi fólk kemur í garðinn til að gera mismunandi hluti, fólk gerir ekki endilega alltaf það sama, og allir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta.⁷² Nánar má lesa um þessa líkingu í kaflanum um fjölmenningsarkennslu (kafli 2). Rétt er að taka fram að slík samfélög eru enn sem komið er draumsýn, einskonar útópía.

4.1 Grunnskólarnir

Þegar rætt er um hvernig á að laga útlendinga að samfélaginu er iðulega horft til menntastofnana landsins. Yngstu skólastigin tvö fá til sín þá einstaklinga sem minnst mega sín. Börn hafa sjaldnast úrslitaatkvæði þegar foreldrar flytjast búferlum milli landa, hvað þá þegar flúið er frá heimalandinu til annarra og framandi heima. Það er varla hægt að ímynda sér óöryggið sem hlýtur að fylgja því að koma fyrst í nýja skólann. Börnin skilja málið að öllum líkindum illa eða alls ekki, þekkja ekki starfsfólkið eða önnur börn, kunna ekki reglurnar eða hefðirnar og rata jafnvel ekki heim. Þetta er vafalaust mismunandi milli einstaklinganna. Því er mikilvægt að skólarnir taki skipulega og vel á móti einstaklingunum og á þann hátt sem veldur sem minnstu óöryggi og vanlíðan.

Hérlandis hafa nokkrar móttökudeildir fyrir nýbúa verið stofnaðar. Hlutverk þessara deilda er að taka við börnum sem hafa litla eða takmarkaða kunnáttu í íslensku eða þurfa

⁷¹ Rannveig Þórisdóttir ofl. 1997:16-18

⁷² Roth 1999.

stuðning til að ná tökum á málinu. Eins og er eru fimm deildir starfandi, þrjár í Reykjavík, ein í Kópavogi og ein á Akureyri.⁷³

Móttökudeildirnar hafa flestar að markmiði að auðvelda nýbúunum námið og gera aðlögunina þeim auðvelda. Áhersla er lögð á að nýbúinn nái tökum á nýja skólanum, nýjum reglum, plumi sig félagslega og læri íslensku. Yfirleitt eru börnin send í móttökudeildirnar auk þess að eiga sinn heimabekk í sínum heimaskóla. Þau eru svo yfirleitt eftir þörfum í móttökudeildinni auk þess að stunda nám eins og auðið er í heimabekk sínum. Stuðningur móttökudeildarinnar er mismikill og varir mismengi eftir einstaklingum. Auk þess að kenna börnunum íslensku, á skólakerfið og nýja samfélagið er reynt að halda uppi móðurmálskennslu fyrir börnin. Foreldrar eru hvattir til að tala og lesa sem mest á móðurmáli sínu við þau og reynt er að fá kennara í málinu til að sinna þeim.⁷⁴ Litið er á íslenskukennsluna sem kennslu í öðru máli og hefur íslenska sem annað mál hefur verið skilgreint sérstaklega sem fag í Aðalnámsskrá.⁷⁵ Með því að leggja áherslu á kennslu í bæði móðurmáli barnanna og íslensku sem annað mál er verið að stuðla að virku tvítyngi einstaklinganna.⁷⁶

Móttökudeildirnar eru liður í að auka jafnrétti barna af erlendum uppruna eða með annað móðurmál en íslensku til náms. Engu að síður er móttökudeildunum hætt við að setja af stað svokallaða mjúka samlögun. Áherslan færir á að auðvelda börnunum aðlögunina að íslensku samfélagi, að íslensku skólakerfi og á það að verða sjálfbjarga á íslensku. Rannsóknir hafa sýnt að góð undirstöðukunnátta í móðurmálinu auðveldi börnunum að læra nýja málið,⁷⁷ í þessu tilfalli íslensku. Móðurmálskennslan virðist því vera höfð með til að aðstoða nemendur í að læra íslensku og er því íslenskunnar vegna en ekki til að styrkja tengslin við upprunamenninguna. Því er ekki verið að fylgja raunverulegri fjölmenningsstefnu þar sem allir hópar og einstaklingar hafa sama rétt heldur lítur frekar út fyrir að um einskonar samlögun sé að ræða. Að euki eru ekki allir málahópar sem fá móðurmálskennslu. Að öllum líkindum er um fjárskort að ræða, sveitarfélög hafa ekki efni á að ráða kennara fyrir alla málahópana sem þeim ber að sinna. Auk þess er í sumum tilfellum ekki til kennari til að kenna málið í sveitarfélaginu eða nágrenni. Það er ansi hart

⁷³ Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 2002

⁷⁴ Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997: 24-25; Oddeyrarskóli 2002; Hjallaskóli 2002; *Nýbúavefur Hjallaskóla* 2002.

⁷⁵ *Aðalnámsskrá grunnskóla (B)* 1999:83-108

⁷⁶ *Aðalnámsskrá grunnskóla (B)* 1999:83-84

⁷⁷ Hvenekilde 1997:120; *Um stöðu og þátttöku útlendinga...* 1997:16-17; Rannveig Þórisdóttir o.fl. 1997:13; Ingibjörg Hafstað. 1994:15-16

að fjárskortur sveitarfélaganna skuli verða til þess að ekki sé hægt að sinna lagalegum skyldum skólakerfisins.

4.2 Undirbúningur íslenskra kennararnema

Þegar koma að því að skoða það framboð af námskeiðum sem fjalla um fjölmenningu, nýbúa eða fjölmenningskennslu sem grunnskólakennaranemum á Íslandi er boðið upp á var flóran heldur fátækleg. Ekkert virðist hafa verið hugað að þessum málefnum við kennaradeild Háskólans á Akureyri þrátt fyrir að nýlega sé búið að endurnýja kennsluskrá kennaradeildar.⁷⁸ Við Háskóla Íslands er einn valáfangi í boði fyrir nema í uppeldis- og kennslufræðum, sem tekst á við hugtakið fjölmenningu og áhrif hennar á menntun og samfélagið jafnframt því að fjalla um málefni minnihlutahópa.⁷⁹ Ástandið er þó betra í Kennaraháskóla Íslands. Þar er einn skylduáfangi fyrir grunnskólakennararnema sem fjallar um fjölmenningu og tvítyngi og áhrif þessara fyrirbæra á menntun og samfélag. Auk þess er boðið upp á tvo valáfanga við framhaldsdeild skólans, annar fjallar um kennslu fagsins íslenska sem annað mál og hinn fjallar um fjölmenningu („margmenningu“) og tvítyngi.⁸⁰

Það má sterklega gera ráð fyrir því að einstaklingar sem fara út í kennslu og kenni í einhvern tíma þurfi að takast á við kennslu fólks af öðru þjóðerni, með annað móðurmál eða trú. Það er einnig líklegt að kennarar komi til með að rekast á dæmi um menningarlegan árekstur milli barna. Allir kennarar þurfa að vera opnir fyrir jafnrétti nemenda til náms, hvernig sem uppruna, kyni, trú, húðlit, lífsstíl eða kynhneigð er farið. Flestir kennarar héraðs eru aldir upp í fremur einsleitu menningarsamfélagi. Það þarf því að hjálpa þeim og mennta í að takast á við staðalmyndir og fordóma sem hafa fest í þeim og samfélaginu.⁸¹ Líklega er betra fyrir þessa kennara að fá einhvern undirbúning fyrir þess háttar hluti í námi sínu og þrátt fyrir að vera góð viðleytni er valnámskeið ekki nóg. Það er bara byrjunin því kennararnemar hafa jú möguleika, þurfa jafnvel, að velja eitthvað annað námskeið. Margir kennararnemar eru því ekki fræddir um kennslu í blönduðum bekkjum eða í að kenna íslensku sem annað mál.⁸² Engu að síður er gott að sjá að tvær af þremur

⁷⁸ *Kennsluskrá Háskólans á Akureyri. Háskólaárið 2001-2002*

⁷⁹ *Kennsluskrá I frá Háskóla Íslands. Grunnám Háskólaárið 2001-2002* 2001:445 og 453

⁸⁰ *Nám- og kennsluskrá Kennaraháskóla Íslands. Háskólaárið 2001-2002* 2001:32, 272, 277

⁸¹ Guðrún Pétursdóttir 1999:38

⁸² Guðrún Pétursdóttir 1999:38

stofnununum sem mennta kennara fyrir samfélagið, hafi áttað sig á mikilvægi þessa efnis og væntanlega verður vægi þess aukið í framtíðinni.

Vandamálið liggur hins vegar ekki eingöngu hjá kennaraskólunum. Það þarf að breyta allri samfélagsheildinni og skólakerfinu eins og það leggur sig. Eins og áður hefur verið minnst á í þessari ritgerð er hlutverk skólanna og kennaranna að undirbúa nemendur sína sem allra best til að takast á við óþekkt framtíðarsamfélag. Það að stofnanirnar sem mennta kennara skuli ekki huga meira að fjölmenningu í námskrá sinni er lýsandi fyrir allt skólakerfið. Það er þörf á auknu umburðarlyndi og aukinni menntun gegn fordómum og hatri á hinu óþekkta. Engu að síðu er ekki lögð nein veruleg áhersla á að kennarar framtíðarinnar hafi undirbúning til að takast á við kennslu í fjölmenningslegu samfélagi með því að fjalla um efnið í grunnmenntun til kennaraprófs. Má kalla þetta dæmi um dómgreindarleysi eða bara skort á umræðu og þekkingu?

Hér að ofan hefur verið dregið saman hvað er gert til að framfylgja einhverskonar fjölmennings og aðlögunarstefnu í grunnskólum í dag. Stofnaðar hafa verið móttökudeildir fyrir nýbúa á nokkrum stöðum á landinu en auk þess hefur verið starfað með tilliti til fjölmennings í nokkrum öðrum skólum. Móttökudeildunum er ætlað að vera einskonar miðstöð fyrir nýbúa úr nokkrum skólahverfum og eiga þær að hafa umsjón með aðlögun þeirra, íslenskukennslu og móðurmálskennslu. Spurt hefur verið hvort starf móttökudeildanna sé í samræmi við samþættingarstefnuna sem stjórnvöld virðast hafa sett sér. Bent er á að fjölmenningshyggja stefnir að jafnrétti allra hópa og þar af leiðandi allra tungumála en móttökudeildirnar afmarki sig við móðurmálskennslu til að auðvelda íslenskukennslu. Það vantar einnig aðlögunarstefnu sem fjallar um aðlögun Íslendinga að nýju samfélagi, ekki síst í þeim skólum þar sem hlutfall nýbúa er ekki hátt í nemendahópnum. Taka skal fram að ekki er verið að beina spjótunum að hinu nauðsynlega hlutverki sem móttökudeildirnar sinna. Spjótunum er frekar beint að sinnuleysi yfirvalda, kæruleysi samfélagsins og fjársveldi skólanna.

Sem skýrt dæmi um sinnuleysi yfirvalda og kæruleysi samfélagsins má benda aftur á kennaramenntunina. Þrír háskólar mennta megnið af grunnskólakennurum landsins, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskólinn. Enn sem komið er einungis einn skylduáfangi í kennaranámi á Íslandi, við Kennaraháskólann, sem fjallar um fjölmenningu og tvítyngi. Þetta er fólkið sem á að sinna menntun komandi kynslóða. Hvernig væri að vekja það til umhugsunar um þessi málefni á afgerandi hátt og gera fjölmenningsarkennslu að stærri hluta allra deildanna?

5. Viðhorf kennara

Ekki er hægt að draga úr mikilvægi jákvæðs viðhorfs kennara gagnvart fjölmenningu og fjölmeningarkennslu. Ef kennarar eru ekki tilbúnir til að eiga við þetta kennsluferli er ekki líklegt að það náist árangur með það. Hér á eftir verður fjallað um könnun sem lögð var fyrir til að mæla viðhorf og reynslu kennara gagnvart fjölmenningu, fjölmeningarkennslu og menntun sinni en þessir þættir eru mikilvægar forsendur fjölmeningarkennslu.

Það er ekki nóg að íhuga fjölmeningarkennslu og fjölmenningu og áætla að allt fari vel svo fremi sem stjórnvöld eða sveitarfélög geri kröfu um það. Á frumstigi ritgerðarinnar komu upp hugmyndir um að kanna viðhorf kennara gagnvart þessum hugtökum. Líklegt þótti að kennarar í skólum sem störfuðu sérstaklega með nýbúa eða hefðu beina og augljósa reynslu af fjölmeningarkennslu myndu hafa tilbúin viðhorf gagnvart þeim atriðum sem átti að kanna. Það þótti því meira spennandi að kanna viðhorf kennara sem að öllum líkindum hefðu ekki reynslu af fjölmeningarkennslu.

Könnunin var lögð fyrir í tveimur skólum í Hafnarfirði og tveimur skólum á Akureyri. Þar sem til stóð að kanna viðhorf kennara með litla eða enga meðvitaða reynslu af fjölmeningarkennslu voru valdir skólar sem ekki höfðu starfað eftir einhvers konar stefnu í þeim málum. Vissulega mátti þó gera ráð fyrir að einhverjir kennarar hefðu komið að málum sem snertu fjölmenningu en gert var ráð fyrir að flestir hefðu ekki gert það.

Nokkrar ástæður liggja að baki vali bæjarfélaganna. Í fyrsta lagi var Akureyri valin vegna búsetu höfundar á Akureyri og þar af leiðandi nálægð við viðföngin. Höfundur ólst upp í Hafnarfirði auk þess að hafa starfað í nær öllum grunnskólum bæjarins. Því var einfalt að finna einhvern sem var tilbúin að hjálpa til við dreifingu og söfnun kannananna fyrir sunnan. Auk þess er margt um líkt með bæjarfélögunum og bæði eru stutt á veg komin í málefnum nýbúa og menntunar þeirra. Einn skóli í hvorum bæ hefur starfað lítið eitt að fjölmeningarkennslu með því að stofna móttökudeildir. Deildin í Hafnarfirði hefur reyndar hætt störfum. Stærsti munurinn á bæjunum liggur í nálægð Hafnarfjarðar við höfuðborgina. Akureyri telst vera á landsbyggðinni en Hafnarfjörður er hluti af höfuðborgarsvæðinu. Það þótti því einnig spennandi að athuga hvort verulegur munur yrði á svörum viðfanga eftir búsetu.

Ákveðið var að hafa úrtakið fremur í smærra lagi til að auðvelda úrvinnslu. Því voru nokkrar bekkjardeildir valdar í stað þess að hafa þær allar. Skólastjórnendum var falið að dreifa könnunum til umsjónarkennara fyrsta-, þriðja-, fimmta- og sjöunda bekkjar. Í

Þessum hópi eru tveir bekkir af báðum yngri stigum grunnskólans en ákveðið var að láta unglिंगadeildarkennara ekki taka könnunina. Ástæðan er sú að í unglिंगadeild eru börnin iðulega hjá mörgum fagkennurum í stað þess að vera nær alla tíma hjá umsjónarkennara. Því eru líkur á að umsjónarkennarar í unglिंगadeild þekki ekki alla nemendurnar í bekk sínum jafnvel og gengur og gerist á miðstigi og yngsta stigi.

Á landinu öllu eru um 393 börn sem teljast til nýbúa. Hins vegar hefur verið sótt um Jöfnunarsjóðsframlag fyrir 297 börn sem teljast vera íslensk eða tvítýngd. Seinni hópurinn samanstendur af íslenskum börnum sem hafa dvalist langdvölum erlendis, börnum sem eiga annað foreldrið erlent eða sem búa á heimili sem erlent mál er talað á. Líklega vantar eitthvað uppá seinni töluna þar sem skólarnir virðast eiga til að gleyma að sækja um framlag til Jöfnunarsjóðs.⁸³

Í grunnskólum Akureyrar eru nemendur sem talist geta nýbúar og fá aðstoð við íslenskunám 14 og tala 7 tungumál. Skóladeild Akureyrar hefur hins vegar ekki nákvæmar upplýsingar um nemendur sem eru af erlendum uppruna og/eða tvítýngdir. Þeir hafa þó upplýsingar um 70 nemendur með 15 tungumál sem hefðu fengið aðstoð vegna íslenskukennslu.⁸⁴ Á Akureyri hefur verið gerð tillaga að stefnumótun í málefnum nýbúa⁸⁵ og nýbúadeild hefur verið stofnuð við Oddeyrarskóla.⁸⁶

Í grunnskólum Hafnarfjarðar eru 67 nýbúar af 20 þjóðernum en það er mesti fjöldi í sveitarfélagi utan Reykjavíkur. Engin móttökudeild er starfandi í Hafnarfirði en einhver vinna hefur verið lögð í nýbúakennslu og þemavinnu varðandi fjölmenningu innan nokkurra skóla. Opinber stefna hefur enn ekki verið sett fram varðandi þessi málefni. Þróunarverkefni um móttökudeild fyrir nýbúa var unnið af kennurum úr Lækjarskóla árið 2001. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar tók saman mat á móttöku og fræðslu nýbúa í grunnskólum Hafnarfjarðar í febrúar síðastliðnum. Af hálfu Skólaskrifstofu hefur nú verið sett fram tillaga um stofnun móttökudeildar fyrir nýbúa. Tillagan er að mestu byggð á skýrslu um þróunarverkefni sem unnið var í Lækjarskóla. Tillagan verður væntanlega tekin fyrir af skólanefnd Hafnarfjarðar á næstunni.⁸⁷

34 af 41 kennara skiluðu niðurstöðum eða 83%. Hærra hlutfall skilaði könnunum í Hafnarfirði (21 af 23) en á Akureyri (13 af 18). Ástæður voru af ýmsum toga. Í Hafnarfirði

⁸³ Hulda Karen Danielsdóttir 2002

⁸⁴ Herdís S. Gunnlaugsdóttir 2002

⁸⁵ *Stefnumótun og framkvæmd í málefnum...* 2001

⁸⁶ Oddeyrarskóli 2002

⁸⁷ Elín Jónasdóttir 2002

var þrýst mikið á kennarana að svara og þeir reglulega áminntir ef skil drógust. Þeir tveir sem skiluðu ekki í Hafnarfirði voru báðir veikir og fengu því ekki könnunina. Ekki er víst að skólastjórnendur á Akureyri hafi séð sér einhvern sérstakan akk í að þrýsta á kennarana til að skila en ástæðurnar sem stjórnendur gáfu upp voru fyrst og fremst forföll kennara, ýmist allan tímann eða eftir dreifingu kannananna og gleymaska kennara dagana sem átti að skila. Úr fyrsta bekk skiluðu 11 kennarar af sér könnunum, úr þriðja- og fimmta bekk skiluðu átta kennarar úr hvorum aldurshóp og úr sjöunda bekk skiluðu sjö kennarar af sér könnunum.

Hér á eftir fara niðurstöður úr könnunum. Þær eru settar upp í sömu röð og spurningarnar voru í könnuninni og er fjallað um hverja spurningu fyrir sig. Myndræn framsetning var valin í flestum tilfellum. Á myndunum sjást hlutföll kennara fyrir hvern svarmöguleika. Allar tölulegar og myndrænar niðurstöður eru settar fram í prósentum og eru þær reiknaðar út fyrir alla heildarfjölda kennaranna sem og fyrir bæjarfélögin í sitthvoru lagi til frekari skýringar. Myndirnar bjóða uppá einfaldari og þægilegri samanburð. Þar sem úrtakið var ekki stærra en þetta voru allar niðurstöður námundaðar að næstu heilu prósentutölu og sýna ekki fleiri en einn aukastaf ef til þess kæmi. Fyrir vikið þurfti í nokkrum tilfellum að slípa tölurnar svolítið til, ekki síst svo þær hlypu á sléttum hundrað prósentum samtals. Þó var aldrei gengið svo langt að það hefði áhrif á niðurstöðurnar.

5.1 Niðurstöður úr könnun á viðhorfum kennara

Í könnuninni voru tíu spurningar.⁸⁸ Fyrsta spurningin var í hvaða bekk kennararnir kenndu. Útkomuna úr henni má sjá í kaflanum hér á undan. Næsta spurning sneri meira að reynslu kennara. Spurt var hvort kennarar hefðu þurft að stunda fjölmeningarkennslu eða taka á málum sem snerta fjölmeningu. Tilgangurinn var ekki síst að vekja kennara til umhugsunar um hugtakið fjölmeningu áður en þeir færu lengra inn í könnunina og tengja hana að einhverju leyti við starf sitt. Hvort sem þeir hefðu reynsluna eða ekki.


11 af 34 sögðust hafa reynslu af fjölmeningu eða málefnum tengdum henni eða 32%. Það var ofurlítið hærra hlutfall í Hafnarfirði (33%) en á Akureyri (30%). Ef allir eða fleiri kennarar á Akureyri hefðu skilað svörum hefði munurinn á þessu hlutfalli ef til vill

⁸⁸ Sjá í viðauka A

verið minni en það er erfitt að spá til um það þar sem þessi spurning byggir mikið á tilfinningu svarenda.

Þriðja spurningin snerist um hvort kennarar yrðu varir við menningarlegan mismun barnanna í skólanum. Hér var tilgangurinn aftur að vekja kennarana til umhugsunar um hver reynsla þeirra væri af fjölmenningu og tengja hana við starf sitt, hvort sem þeir hefðu tekið eftir muninum eða ekki.

Mynd 1 (spurn. 3): Verður þú var/vör við menningarlegan mismun barnanna í skólanum?




(Öll svör eru sett fram í prósentum)

Það virðist vera að rúmlega helmingur kennaranna finni fyrir þessum mun (merkja við já-möguleikana) en tæplega helmingur sem finnur ekkert að ráði eða alls ekki fyrir muninum. Skemmtilegt er að bera niðurstöður þessara tveggja spurninga (þrjú og fjögur) saman. Hluti kennaranna verður ekki var við menningarlegan mismun barnanna og hefur aldrei tekið á málum sem snerta fjölmenningu. Annar hluti segist verða var við menningarlegan mismun og hafa beitt sér í málefnum sem snerta fjölmenningu. Fólkið úr þessum hópum starfar að einhverju leyti saman og því má velta fyrir sér nokkrum atriðum. Eru kennararnir sem verða varir við menningarlegan mismun barnanna opnari eða meira vakandi fyrir einstaklingunum heldur en hinn hópurinn? Eða verða hinir kennararnir ekki varir við menningarlegan mismun vegna þess að þeir eru svo frjálslýndir að munur á nemendum skiptir þá ekki máli. Að lokum getur einnig verið að þeir séu einfaldlega ekki sáttir við skilgreininguna á menningu sem notast var við.

Fjórða spurningin snerist um menntunarlegan undirbúning kennaranna. Einn mikilvægasti þátturinn í fjölmeningarkennslu er undirbúningur kennaranema. Ef kennaranemar eru ekki undirbúnir til að taka við bekk barna með mismunandi

menningarlegan bakgrunn og kenna þeim með tilliti til árangurs og jafnrétti er fjölmeningarkennsla nánast útilokuð. Hún byrjar í menntun kennarans.

Mynd 2 (spurn. 4): Hvernig finnst þér menntun þín hafa undirbúið þig fyrir fjölmeningu í grunnskólum?




(Öll svör eru sett fram í prósentum)

Það er áberandi hátt hlutfall sem telur menntun sína ekki nægilega góðan undirbúning fyrir fjölmeningu grunnskólanna. Ef aðeins er tekið mið af þeim sem merkja við illa eða mjög illa eru það um 53% en ef þeir sem telja menntun sína sæmilegan undirbúning eru meðtaldir eru um 85% ekki nægilega ánægðir með menntunina. Áhugavert er eini kennarinn á Akureyri sem taldi sig vera mjög vel undirbúinn hafði lært erlendis (Bandaríkjunum) samkvæmt svari í spurningu 5. Taka ber fram að þetta þarf ekki að vera áfellingisdómur yfir þeim skólum sem mennta fólk til kennslu þar sem þetta eru allt útskrifaðir kennarar og skólarnir gætu hafa breytt um stefnu í þessum málefnum. Nánar var fjallað um það í kafla um undirbúning kennaranema (kafla 4.2).

Í fimmtu spurningu gafst kennurunum tækifæri til að benda á hvaða þættir það væru sem hefðu undirbúið þá best fyrir fjölmeningu í grunnskólum. Valkostir voru valdir með tilliti til ýmissa þátta. Til að byrja með var reiknað með að einhverjir kennarar væru ánægðir með undirbúning menntunar sinnar héraðs og því var þeim stofnunum sem sjá um kennaramenntun héraðs stillt upp sem svarmöguleikum. Einnig var reiknað með að einhverjir kennarar hefðu aðra menntun en grunnskólakennarann eða sótt menntun í aðra skóla, t.d. erlendis. Því var boðið uppá þann svarmöguleika. Reiknað var með að flestir kennararnir hefðu sótt endurmenntunarnámskeið og að mögulega hefði eitthvað af þeim fjallað um fjölmeningarkennslu, tvítýngi eða íslensku sem annað mál svo dæmi séu tekin.

Einnig þótti viðeigandi að bjóða uppá valmöguleikana önnur námskeið og var þá hugsað til námskeiða sem ekki hefðu fengið viðurkenningu sem endurmenntunarnámskeið. Ekki var hægt að útiloka eigin upplýsingaöflun kennaranna eða persónuleg kynni af fjölmenningu sem mögulega væri lærdómsríkust af öllum möguleikunum. Að lokum var boðið upp á möguleikann ekkert af ofangreindu.

Mynd 3 (spurn. 5): Hvað af eftirtöldu myndir þú segja að hefði undirbúið þig best fyrir fjölmenningu í grunnskólum?




(Öll svör eru sett fram í prósentum)

Einn svaraði ekki. Heildarfjöldi svara var hins vegar notaður til að reikna út prósenturnar í hverju tilfelli þar sem margir kennarar merktu við fleiri en einn möguleika. Flestir kennararnir sem merktu við að Kennaraháskóli Íslands væri þeirra besti undirbúningur voru staðsettir í Hafnarfirði. Athugunarvert er að enginn merkir við Háskólann á Akureyri á Akureyri. Það þýðir annað hvort að enginn nemandi frá HA hafi tekið þátt í könnuninni eða að þeir telji skólann ekki besta undirbúninginn fyrir fjölmenningu í grunnskólunum. Það er í samræmi við það sem áður hefur komið fram um undirbúning kennaranema við HA (kafla 4.2). Þeir kennarar sem töldu aðra skóla eða háskóla, en þá sem voru settir upp, vera sinn besta undirbúning nefndu leikskólakennaranám, erlendan tungumálaskóla, og nám í Bandaríkjunum. Leikskólakennarinn nefndi ekki hvar hann var menntaður en það er spurning hvort leikskólakennaranám bjóði uppá betri undirbúning fyrir fjölmenningu en grunnskólakennaranám. Ansi margir sögðu eigin upplýsingaöflun vera besta undirbúninginn var helst bent á tímaritsgreinar, fjölmiðla og internetið sem upplýsingabrunna. Flestir töldu að ekkert af upptalningunni væri viðeigandi svar fyrir sig og kannski hefði átt að bjóða upp á frjálsa hugleiðingu á línu undir valkostinum Annað. Næst flestir nefndu þó að eigin reynsla af fjölmenningu hefði verið besti undirbúningurinn.

Í spurningu sex var sjónum kennaranna beint að námsefninu sem þeir höfðu til að vinna með. Kennarar voru beðnir að leggja mat á hvernig námsefni kæmi til móts við fjölmeningarkennslu. Þessi spurning er í beinu sambandi við sjöundu spurningu en þar voru kennarar beðnir um að telja upp námsefnið sem þeim fannst henta sérlega vel eða sérlega illa að fjölmeningarkennslu. Þessar spurningar eru mjög mikilvægar þar sem kennarar verða líka að hafa tæki til að kenna fjölmeningarlega.

Mynd 4 (spurn. 6): Hvernig kemur námsefni í grunnskólum til móts við fjölmeningarkennslu að þínu mati?



(Öll svör eru sett fram í prósentum)

Fjórir kennarar kusu að láta spurningunni ósvarað, líklega vegna reynsluleysis af fjölmeningarkennslu. Kennarar hljóta að eiga að sjá hvort námsefni sé nægilega gott til að nota við ákveðnar aðstæður eða ekki. Það er hins vegar greinilegt að flestir kennararnir telja að námsefni í grunnskólum sé ekki sérstaklega gott eins og sjá má á svörunum. Það er spurning hvort Námsgagnastofnun og námsefnishöfundar almennt ættu ekki að íhuga að gera námsefni sem er sérstaklega sniðið að fjölmeningarkennslu eða að minnsta kosti gera tilraunir til þess.

Spurning sjö var á eftirfarandi hátt. Nefndu námsefni sem þú telur að henti sérstaklega vel eða sérstaklega illa fyrir kennslu í fjölmeningarþekki. Ekki má gleyma að í spurningu sex voru kennarar beðnir um að leggja mat á hvernig námsefni grunnskólanna kæmi til móts við fjölmeningarkennslu. Í þessari spurningu voru kennararnir raunverulega beðnir um rök fyrir svari sínu í spurningu sex.

Ýmiss konar námsefni var nefnt og voru kennarar alls ekki sammála um hvað teldist gott og hvað slæmt. Mikið af tilnefndu námsefni kom upp í báðum flokkum eins og sést hér fyrir neðan. Um niðurstöður þessarar spurningar verður fjallað eftir bæjarfélögum.

Líklega hefðu spunnist fjörlegar hópaumræður meðal kennaranna í Hafnarfirði um hvaða námsefni hentaði vel eða illa fyrir kennslu í fjölmeningarbekk. Námsefni í kristinfræði kom þrisvar fram í „illa“ flokknum en sex sinnum í „vel“ flokknum. Lífsleikninámsefni frá Rauða Krossinum⁸⁹ var talið upp í þremur tilfellum, alltaf ásamt kristinfræðiefni. Samtals kom lífsleikni upp sex sinnum í „vel“ flokknum og var minnst á bókina *Ég er bara ég* eftir þau Karl Ágúst Úlfsson og Ásdísi Olsen í einu tilfelli. Trúarbragðafræði var talin upp fjórum sinnum en trúarbragðasaga, tungumál, landafræði, heimspeki og saga komu öll fram einu sinni hvert í „vel flokknum“. Kennarar í Hafnarfirði virtust vera eitthvað ragari við að telja upp námsefni sem hentaði illa fyrir fjölmeningarkennslu en utan kristinfræðinnar var minnst á íslensku, Íslandssöguefni en *Ísland áður fyrr* var sérstaklega nefnt í því tilfelli og stærðfræðiefnið *Einingu*.

Á Akureyri komu svörin mjög skipulega fram. Yfirleitt var bara minnst einu sinni á hvert efni en að vísu kom sumt efni upp í báðum flokkum. Það námsefni sem talið var henta vel fyrir fjölmeningarkennslu var samfélagsfræði, lífsleikni, kristinfræði, lestrargreinar eins og bókmenntir, lestur, heimilisfræði, stærðfræðiefnið *Einingu* og trúarbragðafræðslu. Einn kennari vildi að kristinfræði yrði kippt út og trúarbragðafræðsla yrði tekin upp í staðinn. Annar kennari minntist á að einhverskonar kynning á mismunandi menningu og námsefni sem eldi á umburðarlyndi væri góður kostur. Í „illa“ flokkinn fór stærðfræði, ljóð og samfélagsfræði voru talin reynast erfið og kristin fræði voru nefnd tvisvar. Einnig var talað um námsefni sem hyllti eina menningu en gerði lítið úr annarri menningu.⁹⁰

Það væri gaman að gera stærri og skýrari könnun á þessum viðhorfum kennara þar sem raka væri krafist fyrir svörum þeirra. Það gæti líklega gagnast Námsgagna-stofnun þegar kemur að gerð námsefnis sem tekur mið af fjölmeningu.

Í lok könnunarinnar voru settar þrjár spurningar sem áttu sérstaklega að mæla viðhorf kennaranna gagnvart ákveðnum fullyrðingum um fjölmeningu og fjölmeningarkennslu. Fullyrðingu var kastað fram og kennarar áttu að merkja við þann


⁸⁹ Við nánari eftirgrennslan töldu kennarar í Hafnarfirði að um misskilning væri að ræða. Kennararnir hefðu mögulega átt við námsefnið *Að ná tökum á tilverunni* eða *Lions Quest* sem gefið var út af Lions hreyfingunni.

⁹⁰ Rétt er að taka fram að allt námsefni sem nefnt var með nafni er skráð í heimildarskrá. Annað námsefni var ekki skilgreint frekar og er því ekki skráð í heimildarskrá.

valkost sem þeim fannst lýsa afstöðu sinni til fullyrðingarinnar best. Einn kennari sagðist ekki treysta sér til að svara spurningum átta og níu og bar við reynsluleysi. Annar kennari vildi ekki svara spurningu níu vegna þess að hann taldi sig komast í þversögn við sjálfan sig auk þess að vera ekki hæfur til að ákvarða hvað væri æskilegt fyrir aðra. Allir kennararnir svöruðu spurningu tíu. Þegar fjallað er um niðurstöðurnar hér fyrir neðan eru svörin „mjög sammála“ og „sammála“ talin saman og „mjög ósammála“, „ósammála“ og „skil forsendurnar en er engu að síður ósammála“ talin saman.

Það má segja að fullyrðingin í spurningu átta sé djarflega orðuð. Tilgangur hennar er hins vegar að benda á einstaklinginn og mikilvægi hans innan bekkjarins. Þegar allt kemur til alls er bekkur bara hópur af einstaklingum og allir eiga rétt á að ná árangri. Kennarar þurfa að íhuga ýmislegt þegar kemur að þessum þætti kennslunnar. Til dæmis má nefna áhrif fátæktar á börn eða fjölskyldustöðu. Sum börn þurfa meiri stuðning en önnur þrátt fyrir að ekki sé um erlendan bakgrunn eða sértæka námsörðugleika að ræða. Að auki þótti betra að hafa djarflega orðaðar fullyrðingar ef fólk ætti virkilega að taka afstöðu til þeirra. Þannig myndu kennararnir vonandi svara samkvæmt skoðun sinni og tilfinningu en ekki bara til að svara könnun sem þeir þyrftu að losa sig við.

Mynd 5 (spurn. 8): Hvað finnst þér um eftirfarandi fullyrðingu? „Einstaklingar eru með svo mismunandi bakgrunn (uppeldi, hefðir, fjölskyldumynstur, lífsstíll o.fl.) að öll menning er í eðli sínu fjölmening.“




(Öll svör eru sett fram í prósentum)

Eins og sjá má hér að ofan var töluverður mismunur á svörum milli bæjarfélaga. Hátt í 80% Akureyringa var sammála fullyrðingunni hér að ofan en 65% Hafnfirðinga var ósammála henni. Þegar niðurstöðurnar eru teknar saman eru engu að síður örlítið fleiri sammála

fullyrðingunni en ósammála. Það má þó varla á milli sjá og líklega er munurinn ekki marktækur. Því er ekki gagn að þessum niðurstöðum nema horft sé á bæjarfélögin í sitt hvoru lagi.

Fullyrðingunni í spurningu níu var upprunalega ætlað að athuga hvort kennarar væru fjálslyndir og jákvæðir eða íhaldssamir og neikvæðir gagnvart þeim samfélagsbreytingunum sem nú eiga sér stað. Hins vegar er ekki sanngjarnt að leggja dóm á lífsgildi fólks eftir svari í einni spurningu á könnun. Þessi fullyrðing er líka með mörgum breytum sem fólk getur haft álit á. Einn kennari neitaði að svara spurningunni á þeim forsendum að það væri ekki hans að leggja mat á hvað væri æskilegt fyrir aðra. Að auki er þessi boðskapur fullyrðingarinnar tiltölulega augljós og ef kennarar hefðu talið hættu á að verða persónugreindir er augljóst hvaða svar hefði verið hentugt. Þó má ekki gera lítið úr niðurstöðunum það er hópur kennara sem svarar henni neitandi og hlýtur að hafa sínar ástæður fyrir því.

Mynd 6 (spurn. 9): Hvað finnst þér um eftirfarandi fullyrðingu? „Fjölmening, þ.e. sambúð og samstarf mismunandi menningarhópa, er æskileg fyrir íslenskt samfélag.“




(Öll svarhlutföll eru sett upp í prósentum)

Það er töluvert meira fylgi með þessari fullyrðingu en þeirri sem var í spurningu átta. 75% eru sammála á heildina litið. Engu að síður er áhugavert að svör Hafnfirðinga dreifast á fleiri svarmöguleika en svör Akureyringa en niðurstaða þeirra er afgerandi sammála (92%).

Eins og fyrri fullyrðingarnar átti eftirfarandi fullyrðing (spurning tíu) að vera umdeilanleg. Bera skólarnir ábyrgð á framtíð sem ekki er hægt að vita hvernig verður? Eða geta þeir gert sitt allra besta til að sjá til þess að framtíðin verði björt og friðsöm með því að

laga mismunandi menningarhópa að hvorum öðrum? Kannski er hlutverk skólanna einungis að klára ákveðið efni á ákveðnum tíma.

Mynd 7 (spurn. 10): Hvað finnst þér um eftirfarandi fullyrðingu? „Skólarnir endurspeglar fjölbreytni samfélagsins og bera því að mörgu leyti ábyrgð á fjölmenningsamfélagi framtíðarinnar.“



(Öll svör eru sett fram í prósentum)

Í spurningu tíu fara Akureyringar að dreifa sér á svarmöguleikana. Hafnfirðingar eru í þetta sinn meira sammála en Akureyringar en á heildina litið eru tæplega þrjár fjórðu kennaranna sammála því að skólarnir beri ábyrgð á fjölmenningsamfélagi framtíðarinnar. Það er greinilegt að flestir kennararnir álíta að skólarnir beri þessa miklu ábyrgð. Þeir kennarar sem ekki eru sammála þessu gætu hafa velt fyrir sér spurningunum sem komu fram hér að ofan. Kannski er of mikil ábyrgð lögð á kennara sem starfa í 20-30 barna bekkjum að ætlast til að þeir beri ábyrgð á framtíðinni. Eitthvað af ábyrgðinni hlýtur að liggja hjá nemendum að ekki sé talað um foreldrana, sveitarfélögin og ríkið.

Niðurstöður þessarar könnunar eru mjög áhugaverðar þegar á heildina er litið. Kennararnir skiptast nánast jafnt þegar þeir eru spurðir um reynslu sína af fjölmenningskennslu og hvort þeir verði varir við menningarlegan mismun barnanna. Áberandi hátt hlutfall telur menntun sína ekki nægilega góðan undirbúning fyrir fjölmenningu í grunnskólunum og enginn kennari merkti við HÍ eða HA sem besta undirbúning sinn að því leytnu til. Nokkrir kennarar merktu að vísu við KHÍ sem besta undirbúning sinn. Gaman væri að vita hvort þeir hafi klárað fyrir eða eftir að áfanginn um fjölmenningu og tvítýngi var tekinn upp við KHÍ. Flestir kennararnir töldu námsefni grunnskólanna ekki koma nægilega vel til móts við fjölmenningskennslu. Þegar þeir voru hins vegar inntir svara um hvaða efni hentaði vel eða illa fyrir fjölmenningskennslu var fátt um svör. Þeir sem svöruðu nefndu þó ýmis konar efni og er hægt að grennslast frekar fyrir um það á bls.

36-37 í ritgerðinni. Þegar kemur að fullyrðingaspurningunum þremur má sjá að megnið af úrtakinu er sammála fullyrðingunum í spurningum níu og tíu og dreifingin á svörin er sambærileg milli bæjarfélaga. Því má segja að kennarar telji flestir að fjölmening sé æskileg fyrir íslenskt samfélag og að skólarnir beri ábyrgð á framtíðarsamfélaginu. Það er hins vegar langur vegur frá því að niðurstöður milli bæjarfélaga séu svipaðar í spurningu átta. Hafnfirðingar eru flestir ósammála fullyrðingunni um að öll menning sé í eðli sínu fjölmening en Akureyringar langflestir sammála henni. Ástæður þessa eru óljósar. Hugsanlegt er að umræður hafi farið fram um þessi mál á öðrum hvorum staðnum nýlega. Ef til vill vilja Hafnfirðingar ekki setta sig við að gert sé lítið úr hugtakinu fjölmening, þeir telja þá nauðsynlegt að gera greinarmun á menningu og fjölmeningu.

Ef niðurstöður þessarar könnunar eru túlkaðar í heild má segja að kennarar kalli eftir betri kennaramenntun og betra námsefni fyrir grunnskólana. Þeir telja að fjölmening sé æskileg fyrir samfélagið og að skólarnir beri ábyrgð á framtíð þess. Áhugavert væri að leggja samskonar könnun fyrir á landsvísu og sjá hvers konar svör myndu skila sér. Miðað við svörin úr þessari könnun mætti vafalaust óska eftir skýrri stefnumörkun og aukinni fræðslu um fjölmeningu og fjölmeningarkennslu.

6. Samantekt á niðurstöðum og umræða

Í upphafi ritgerðarinnar var kastað fram tveimur spurningum, „Hverjar eru forsendurnar fyrir fjölmeningarkennslu í grunnskólum Íslands?“ og „Eru þær til staðar?“. Til að einfalda vinnuferlið voru tilteknar ferns konar forsendur sem þóttu skipta meginmáli fyrir fjölmeningarkennslu. Um er að ræða hugmyndafræðilegar forsendur, lagalegar forsendur, forsendur samtímans (hvað er gert í þessum málum í grunnskólum í dag) og að lokum viðhorf og reynsla kennara. Ritgerðinni var skipt í kafla með þessar forsendur til hliðsjónar þar sem tekið var á hverri þeirra fyrir sig og kannað hvort þær væru til staðar.

Fyrst var ráðist í að fjalla um hugmyndafræðilegar forsendur fjölmeningarkennslu. Í stuttu máli má segja að í fjölmeningarsamfélagi sé þörf á jafnrétti allra menningarhópa. Þetta er helsta markmið fjölmeningarkennslu, það er að stefna að jafnrétti allra hópa til menntunar og árangurs og upprætingu fordóma og að nýta til þess skólakerfið. Íslenskt samfélag verður fjölbreyttara með hverjum deginum. Því er þörf fyrir einhverskonar átak innan skólakerfisins sem stuðlar að jafnrétti og fræðslu um mismunandi menningarhópa. Fjölmeningarkennsla er tilvalið tæki til þess háttar vinnu en til þess þarf skýra stefnumótun stjórnvalda um þessi mál innan skólanna.

Næst var fjallað um nokkrar lagalegar forsendur sem eru fyrir hendi til að taka upp fjölmeningarkennslu í grunnskólum hérlendis. Allir þeir textar sem vitnað var í létu sterklega í ljós mikilvægi jafnréttis og bann við mismunun. Íslensk stjórnvöld hafa ýmist sett sér þessar reglur sjálf eða orðið aðilar að þeim af sjálfsdáðum. Þau framfylgja þeim hins vegar ekki nægilega vel eins og vikið hefur verið að. Ef stjórnvöld myndu setja fjölmeningarkennslustefnu við alla skóla landsins væri það að minnsta kosti skref í rétta átt til að fullnægja lagalegum skyldum sínum.

Ýmislegt kom í ljós þegar aðstæður ungra nýbúa og tvítyngdra barna. Nokkrar móttökudeildir hafa verið stofnaðar og er meginmerkmið þeirra að auðvelda nemendum aðlögun að íslensku samfélagi.⁹¹ Íslenska sem annað mál hefur verið skilgreind sem sérstök námsgrein⁹² og lögð er áhersla á að viðhalda móðurmáli barna, bæði til að auðvelda íslenskunám og til að stuðla að virku tvítyngi.⁹³ Það má engu að síður reikna með að eitthvað sé af nýbúum og tvítyngdum börnum sem litla eða enga aðstoð fá, ýmist vegna

⁹¹ Sjá kafla 4.1 *Aðstæður og aðlögun tvítyngdrabarna og ungra nýbúa.*

⁹² *Aðalnámskrá grunnskóla (B)* 1999:83-108

⁹³ *Aðalnámskrá grunnskóla (B)* 1999:83-84

fjárskorts, búsetu eða vegna skorts á viðurkenningu fyrir hjálp. Það sem stingur hvað sárast í augun er að þrátt fyrir góða viðleytni er ekki verið að stunda raunverulega fjölmeningarkennslu. Áhersla er lögð á að kenna útlendingunum að aðlagast landinu en lítið sem ekkert er gert til að aðlaga íslensku börnin. Til að fyrirbyggja árekstra vegna fordóma þarf einmitt að koma til móts við þau og fræða þau um hina nýju heimsmynd. Aðstæður hér á landi bjóða því uppá að hér verði einhverskonar fjölmeningarstefnu hrint í framkvæmd.

Kennaranemar virðast ekki fá mikinn undirbúning í að takast á við kennslu í hinu nýja fjölbreytta samfélagi. Háskólinn á Akureyri bauð ekki upp á neitt sem gæti gagnast að þessu leyti, Háskóli Íslands bauð uppá valáfanga og Kennaraháskólinn er með einn skylduáfanga í grunnámi og tvo valáfanga fyrir kennara í framhaldsnámi. Það mætti gjarnan gera betur eins og bent hefur verið á. Ef kennaranemar eru ekki undirbúnir til að takast á við fjölbreytnina er varla hægt að ætlast til að þeir geri það. Ef fjölmeningarkennsla yrði gerð að fastri stefnu grunnskólanna og að föstum þætti kennaramenntunar væri líklegra að kennarar næðu árangri með að vinna með börn frá mismunandi menningarheimum.

Það má segja að ein af niðurstöðum könnunarinnar á viðhorfum kennara gagnvart fjölmeningu og fjölmeningarkennslu sé að fróðlegt væri að gera stærri rannsókn í þeim efnum. Þriðjungur kennaranna sagðist hafa reynslu af fjölmeningarkennslu eða hafa þurft að taka á málum sem snerta fjölmeningu. Rétt rúmlega helmingur sagðist verða var við menningarlegan mismun barnanna í skólanum. Megnið af kennurunum finnst þeir ekki hafa verið nægilega vel undirbúnir fyrir fjölmeningu grunnskólanna. KHÍ var nefndur í nokkrum tilfellum sem besti undirbúningurinn en hann er einnig sá skóli sem býður uppá á mesta fræðslu um nýbúakennslu samkvæmt kennsluskrá. Flestir kennararnir sögðu eigin upplýsingaöflun eða kynni af fjölmeningu hefði reynst besti undirbúningurinn. Kennarar voru almennt ekki nægilega ánægðir með hvernig námsefnið kemur til móts við fjölmeningarkennslu en það voru engu að síður ekki margir sem voru tilbúnir að nefna námsefni sem hentaði vel eða illa fyrir þess háttar kennslu. Í lok könnunarinnar voru nokkrar viðhorfaspurningar. Kennararnir töldu flestir að fjölmening, þ.e. sambúð og samstarf mismunandi menningarhópa væri æskileg fyrir íslenskt samfélag og samþykktu flestir að skólarnir bæru ábyrgð á fjölmeningarsamfélagi framtíðarinnar. Miðað við þessar niðurstöður mætti vel íhuga að fá kennara til að þróa einskonar fjölmeningarkennslustefnu innan íslenska skólakerfisins. Gaman væri að gera svona könnun með stærra úrtak, fleiri

spurningum og í fleiri bæjarfélögum. Mögulega væri hægt að sækja tillögur til kennara um hvernig þeir teldu að námsefni fyrir grunnskólana ætti að vera og hvað þeim finnst vanta í kennaramenntunina.

Á heildina litið eru flestar forsendur fyrir fjölmeningarkennslu til staðar hérlendis. Hugmyndafræðin er til staðar og hægt er að sækja í reynslubanka ýmissa þjóða varðandi nálganir við hana. Lagalegar forsendur eru til staðar og þegar er kominn vísir að fjölmeningarkennslu í grunnskólum og kennaramenntun þrátt fyrir að betur megi gera. Að lokum virðast kennarar tilbúnir til að takast á við fjölmeningarkennslu og hafa almennt jákvæð viðhorf til hennar.

7. Lokaorð

Sem betur fer hefur verið farin sú leið héraendis að reyna að samþætta mismunandi menningarhópa. Við viljum nýta og njóta þeirra kosta sem gefast í samfélaginu og fjölbreytni er kostur að mörgu leyti. Við þurfum að koma nýju hugarfari af stað í samfélaginu. Það er ekki ásættanlegt lengur að tala um Íslendinga og nýbúa. Allir sem fá ríkisborgararétt héraendis ættu að teljast til Íslendinga, það er jú það sem ríkisborgararétturinn færir þeim. Við viljum að Íslendingar njóti jafnréttis og menntunar sama hver er uppruni þeirra eða lífsstíll. Það má heldur ekki gleyma að margir hópar þurfa á aðstoð að halda til að njóta jafnréttis í samfélaginu. Fatlaðir, börn með námsörðugleika, fátækir, samkynhneigðir, strákar og stelpur eru allt sérstakir hópar sem þarf að huga að innan skólanna. Fjölmeningarkennslan beinist sem fyrr segir ekki eingöngu að útlendingum, eða nýbúum og Íslendingum. Stærsta markmiðið er jafnrétti allra til náms og árangurs í námi. Þess vegna vinnur fjölmeningarkennsluferlið með öllum hópum, fyrir alla hópa.

Skólarnir eru fyrirbæri sem starfa í núinu. Þeir byggja á fortíðinni en í starfi þeirra er engu að síður þörf fyrir sýn til framtíðar. Ef við gefum okkur þær forsendur að skólastarf skili sér út í samfélagið hljótum við að sjá hversu öflugt tæki skólakerfið er til að hafa áhrif á framtíðina. Nú höfum við tækifæri til að vera framarlega í flokki hvað varðar fjölbreytta menningu og friðsamlegt samfélag. Gerum því kröfu á yfirvöld, stofnanir sem mennta kennara og skólakerfið að samþættingarstefnan verði tekin alvarlega. Að yfirvöld stefni að aðlögun allra hópa að breyttri samfélagsskipan og að stofnanir og starfsfólk þeirra verði undirbúið til að takast á við mismunandi kröfur hinna ýmsu hópa. Nýtum okkur fjölmeninguna og njótum hennar.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla (A). Almennur hluti. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla (B). Íslenska 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla (C). Kristinfræði. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla (D). Erlend tungumál. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. 2000. *Ég er bara ég.* Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Banks, James A. 2001. Multicultural Education: Characteristics and Goals. *Multicultural Education. Issues and Perspectives*. 4. útgáfa (ritstj. Banks, James A. og Cherry A. McGee Banks), bls 3-30. New York og víðar, John Wiley and Sons.

Barrow, Robin og Ronald Woods. 2001. *An Introduction to Philosophy of Education*. 3. útgáfa. London, Routledge/Falmer.

Bjurström, Erling. 1998. Ungdomskultur som kamp om etnisk identitet. *Ungdom, kulturmöten, identitet* (ritstj. Nader Ahmadi), bls. 116-145. Stokkhólmur, Statens intitutionsstyrelse och Liber.

Elín Jónasdóttir (starfsmaður á skóladeild Hafnarfjarðar). 2002. Síma viðtal tekið þann 23.04.2002.

Feinberg, Walter. 1999. Målsættningar inom mångkulturell utbildning. En kritisk omprovning. *Utbildning och demokrati. Tidskrift för didaktik og utbildningspolitik*. 8,3:11-21.

Fjölmenningarstefna Reykjavíkurborgar 2001-2004. 2001. Reykjavík, Reykjavíkurborg.

- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. 2002. Vefslóð: <http://www.grunnskolar.is> [15.04.2002]
- Guðrún Pétursdóttir. 1999. *Fjölmenningarleg kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri*. Reykjavík, [höfundur gefur út].
- Gunnlaugur Magnússon, Jónas B. Magnússon. 2000. *Lífsstill og jafnrétti*. Námskráargerðarverkefni (NFR0153) [Háskólinn á Akureyri]
- Grant, Carl A., Christine E Sleeter. 2001. Race, Class, Gender and Disability in the Classroom. *Multicultural Education. Issues and Perspectives*. 4. útgáfa (ritstj. Banks, James A. og Cherry A. McGee Banks), bls 3-30. Bandaríkin, John Wiley and Sons.
- Herdís S. Gunnlaugsdóttir. 2002. herdis@akureyri.is. *Nemendur af erlendum uppruna*. [02.04.2002]
- Hulda Karen Daníelsdóttir. 2002. huldakd@reykjavik.is. [Án titils]. [02.04.2002]
- Hjallaskóli. 2002. Vefslóð: <http://hjallaskoli.kopavogur.is> [08.04.2002]
- Hvenekilde, Anna. 1997. Bilingualism and the School. *Nordic Roads to Multilingualism. How to Help Minority Children to Become Multilingual* (ritstj. Bodhild Baasland o.fl.), bls. 115-131. Helsinki, [án útgefanda.]
- Ingibjörg Hafstað. 1994. *Milli menningarheima. Um nám og kennslu nýbúa*. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Íslensk orðabók*. 1993. Ritstj. Árni Böðvarsson. 2. útgáfa aukin og bætt. Reykjavík, Almenna bókafélagið.
- Kellas, James G. 1998. *The Politics of Nationalism and Ethnicity*. 2.útgáfa, endurskoðuð og uppfærð. London, Macmillan Press.

Kennsluskra Háskólans á Akureyri. Háskólaárið 2001-2002. 2001. Ritstj. Ása Guðmundardóttir og Lára Garðarsdóttir. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.

Kennsluskra I. Grunnám háskólaárið 2001-2002. 2001. Ritstj. Þórður Kristinsson og Jörundur Guðmundsson. Reykjavík, Háskóli Íslands. Kennsluvið.

Kristín Á Þorsteinsdóttir, Halldóra Kristinsdóttir. 1996. *Ísland áður fyrr.* Reykjavík, Námsgagnastofnun

Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. 1948. Vefslóð: <http://www.un.org/Overview/rights.html> [08.04.2002]

Mogensen, Anne, Silla Balzer Petersen. 2000. *Eining. Stærðfræði.* Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir (ritstj. Hafdís Finnbogadóttir). Reykjavík, Námsgagnastofnun

Nám- og kennsluskra Kennaraháskóla Íslands. Háskólaárið 2001-2002. 2001. Ritnefnd Auður Torfadóttir, Elín Jóna Þórsdóttir, Ingvar Sigurgeirsson. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.

Netorðabókin. 2002. Vefslóð: <http://www.ordabok.is> [08.04.2002]

Nýbúavefur Hjallaskóla. 2002. Vefslóð: <http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/index.html> [08.04.2002]

Oddeyrarskóli. 2002. Vefslóð: <http://www.oddak.akureyri.is/mottokudeild.htm> [08.04.2002]

Oktavía Jóhannesdóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Hrefna Ingólfssdóttir. 2001. *Stefnumótun og framkvæmd í málefnum nýbúa á Akureyri. Tillögur.* Akureyri, [Ekki útgefið].

Rannveig Þórisdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg. 1997. *Aðlögun íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra.* Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.

Resnik, Hank. 1990. *Að ná tökum á tilverunni*. Bogi Arnar Finnbogason þýddi. Reykjavík, Lions hreyfingin.

Roth, Hans Ingvar. 1999. *The Multicultural Park. A Study of Common Values at School and in Society*. Stokkhólmur. Skolverket.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.18/1992. Vefslóð: http://www.barnaheill.is/barnasattmali_max.html [08.04.2002]

Sigurður Örn Bogason. 1994. *Ensk-íslensk orðabók*. 4. útgáfa. Reykjavík, Ísafold.

Sjögren, Annick. 1998. Kulturens roll í identitetens byggande. *Ungdom, kulturmöten, identiter* (ritstj. Nader Ahmadi), bls. 24-55. Stokkhólmur, Statens intitutionsstyrelse och Liber.

Spring, Joel. 1994. *Wheels in the Head. Educational Philosophies of Authority, Freedom, and Culture From Socrates to Paulo Freire*. New York og víðar, McGraw-Hill.

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins nr. 33/1944 með síðari breytingum lög nr. 97/1995. Vefslóð: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1944033.html> [09.04.2002]

Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Álit nefndar um málefni útlendinga. 1997. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Websters Unabridged Dictionary of the English Language. 1996. New York. Gramercy Books.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir. 2002. Í mislitum félagsskap. *Ský*. 6, 1:32-39.

Fylgiskjal A

Kæri þáttakandi.

Ég heiti Gunnlaugur Magnússon og er kennaranemi á þriðja ári við Háskólann á Akureyri. Þessi könnun er hluti af lokaverkefni mínu til B.Ed. gráðu. Verkefnið fjallar um og tekur á málefnum sem snerta fjölmenningu og fjölmenningsgæmslu í grunnskólum landsins og þessi könnun er hluti af samanburðarrannsókn á viðhorfum umsjónarkennara á Akureyri og í Hafnarfirði gagnvart þeim málefnum.

Úrtakið liggur í tveimur grunnskólum á Akureyri og tveimur grunnskólum í Hafnarfirði. Skólarnir voru valdir með tilliti til stærðar, hversu margar bekkjardeildir þeir hefðu og skilyrði var að þeir hefðu ekki sérdeild eða sérstakar áherslur varðandi nýbúa eða fjölmenningu. Könnunin er nafnlaus. Einu aðgreinandi þættir hennar er í hvaða bæjarfélagi og á hvaða bekkjarstigi viðkomandi kennir á.

Vinsamlegast svarið könnuninni sem fyrst og skilið henni svo á viðeigandi stað innan skólans. Hún verður sótt daginn eftir að henni var dreift.

Þakka þér fyrir að hafa ákveðið að taka þátt í þessari könnun.

Gunnlaugur Magnússon

Skilgreiningar á hugtökum rannsóknarinnar

Menning: Afurð þess samspils sem á sér stað milli manna eða í samfélagi manna. Þetta snertir meðal annars samskipti, lífsstíl, fjölskyldumynstur, hefðir, trú og fleira.

Fjölmening: Samspil ólíkra menningarhópa sem starfa og búa í nálægð við hvern annan.

Fjölmeningarkennsla: Þegar tekin er sú afstaða að tiltekinn hópur þurfi á kennslu að halda sem tekur á samskiptum mismunandi menningarhópa. Reynt er að kenna hlutleysi og virðingu fyrir mismunandi skoðunum, lífsmynstrum og gildum.

Samanburðarkönnun á viðhorfum grunnskólakennara til fjölmenningar og fjölmenningarkennslu

1. Ég er umsjónarkennari í ____ . bekk
2. Hefur þú þurft að stunda fjölmenningarkennslu eða taka á málum sem snerta fjölmenningu?
 - Já
 - Nei
3. Verður þú var/vör við menningarlegan mismun barna (lífsstíll, fjölskylda, trú og þess háttar atriði) í skólanum?
 - Já, frekar mikið
 - Já, svolítið
 - Nei, ekkert að neinu marki
 - Nei, alls ekki
4. Hvernig finnst þér menntun þín hafa undirbúið þig fyrir fjölmenningu í grunnskólum?
 - Mjög vel
 - Vel
 - Sæmilega
 - Illa
 - Mjög illa

5. Hvað af eftirtöldu myndir þú segja að hefði undirbúið þig best fyrir fjölmenningu í grunnskólum?

- Nám í KHÍ
- Nám í HA
- Nám í HÍ
- Nám í öðrum skólum/háskólum _____
- Endurmenntunarnámskeið
- Önnur námskeið (Ef já, þá hvaða) _____
- Eigin upplýsingaöflun (Ef já þá hvar) _____
- Persónuleg kynni af fjölmenningu
- Ekkert af ofangreindu

6. Hvernig kemur námsefni í grunnskólum til móts við fjölmenningskennslu að þínu mati?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Illa
- Mjög illa

7. Nefndu námsefni sem þú telur að henti sérstaklega vel eða sérstaklega illa fyrir kennslu í fjölmenningsarbekk.

- Vel: _____

- Illa: _____

8. Hvað finnst þér um eftirfarandi fullyrðingu? „Einstaklingar eru með svo mismunandi bakgrunn (uppeldi, hefðir, fjölskyldumynstur, lífsstíll o.fl.) að öll menning er í eðli sínu fjölmennig.“

Ég...

- ...er mjög sammála ofangreindu
- ...er sammála
- ...er mjög ósammála ofangreindu
- ...er ósammála ofangreindu
- ...skil forsendurnar en er engu að síður ósammála ofangreindu

9. Hvað finnst þér um eftirfarandi fullyrðingu? „Fjölmennig, þ.e. sambúð og samstarf mismunandi menningarhópa, er æskileg fyrir íslenskt samfélag.“

Ég...

- ...er mjög sammála ofangreindu
- ...er sammála
- ...er mjög ósammála ofangreindu
- ...er ósammála ofangreindu
- ...skil forsendurnar en er engu að síður ósammála ofangreindu

10. Hvað finnst þér um eftirfarandi fullyrðingu? „Skólarnir endurspeglar fjölbreytni samfélagsins og bera því að mörgu leyti ábyrgð á fjölmenningsamfélagi framtíðarinnar.“

Ég...

- ...er mjög sammála ofangreindu
- ...er sammála
- ...er mjög ósammála ofangreindu
- ...er ósammála ofangreindu
- ...skil forsendurnar en er engu að síður ósammála ofangreindu